



Söngur vesturfarans

Geta tónlist og leiklist verið áhugaverðar
kennsluaðferðir þegar kemur að kennslu
bóklegra greina?

Haraldur Reynisson

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Söngur vesturfarans
Geta tónlist og leiklist verið áhugaverðar
kennsluaðferðir þegar kemur að kennslu
bóklegra greina?

Haraldur Reynisson

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í kennslufræði

Leiðbeinandi: Ása Helga Ragnarsdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2015

Söngur vesturfarans.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.prófs við kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2015 Haraldur Reynisson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala Menntavísindasviðs

Reykjavík, 2015

Formáli

Verkefni þetta er 30 eininga meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed. gráðu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Verkefnið fjallar um sögu vesturfaranna, sögu vesturferða Íslendinga á árunum 1875-1914. Saminn var söngleikur sem gefið var nafnið Söngur vesturfarans. Verkið er samið með það að markmiði að fræða grunnskólanemendur á unglingastigi um lífið hér á landi á þessum árum og ástæður þess að fólk fór og hvernig líf fólks var eftir komuna til Kanada. Það er einnig samið til þess að reyna að auka við fjölbreytni í kennsluháttum í tengslum við námsefni um vesturferðir Íslendinga. Það er ósk höfundar að efnið geti nýst kennurum í kennslu.

Leiðbeinandi minn Ása Helga Ragnarsdóttir fær mínar bestu þakkir fyrir gott samstarf og fyrir að hvetja mig til þess að setja upp það verkefni sem ég valdi að gera.

Ég þakka jafnframt Ragnari Inga Aðalsteinssyni sérfræðingi á sviði bragfræði, fyrir fræðandi og skemmtilegt samstarf. Einnig vil ég þakka Helgu Rut Guðmundsdóttur kennara mínum í gegnum árin fyrir hennar innlegg í námi mínu.

Viðar Hreinsson fær sérstakar þakkir fyrir veitta aðstoð í vinnuferli mínu.

Sigríður Hafsteinsdóttir og Teitur Gissurarson eiga þakkir skildar fyrir leik í sýningunni og Pálmi Jónsson fyrir tæknaaðstoð. Samnemendum mínum í námi mínu við HÍ á kjörsviðinu: Tónlist leiklist og dans þakka ég fyrir mjög skemmtilegan tíma og góða vináttu.

Samstarfsfólki mínu við Ölduselsskóla þakka ég fyrir hvatningu á námstímanum. Sigrún Jónasdóttir fær sérlegar þakkir fyrir veitta aðstoð. Aðalheiður Diego fær þakkir fyrir að bjóða mér starf við Ölduselsskóla árið 2008 en starfið þar hefur leitt mig inn á nýjar brautir. Reynir Daníel Gunnarsson fær sérstakar þakkir fyrir að hvetja mig til náms og Börkur Vígbórsson fyrir stuðninginn.

Að endingu vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir umburðalyndi og skilning á námstímanum.

Ágrip

Meistaraverkefnið sem hér er sett fram er tvíþætt, leikrænt og fræðilegt. Leikverkið Söngur vesturfarans er söngleikur sem fjallar um vesturfara og tímabil vesturferða og samið með það fyrir augum að fræða nemendur á unglíngastigi grunnskóla. Verkið er fjörutíu mínútur að lengd og þrjú leikarar léku og fluttu tónlist. Leikverkið var frumflutt að viðstöddum fimmtíu grunnskólanemendum og í kjölfarið var gerð lítil könnun sem kemur fram í fræðilegri greinargerð. Ætla má að niðurstöður könnunar gefi nokkuð skýra mynd á að almennt séu nemendur hlynntir því að hafa leiklist og tónlist í skólum og jafnvel má lesa úr svörunum þeirra köllun eftir fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Niðurstöður könnunarinnar sýna jákvætt viðhorf nemenda til leiklistar og tónlistar í grunnskólum og að þessar listgreinar bjóði upp á möguleika til þess að fræða nemendur um efni í bóklegum greinum.

Hér er fjallað um áhrif leiklistar og tónlistar á grunnskólanemendur og þá möguleika sem þessar námsgreinar bjóða upp á og vitnað í rannsóknir því til stuðnings.

Fjallað er um nýtt kennaranám í samhengi við nýjar áherslur Aðalnámsskrár sem leggur áherslu á sköpun sem einn af grunnþáttum. Hér er ekki um rannsókn að ræða og því aðeins verið að koma fram með spurningar og skoða í færðilegu ljósi.

Einnig er gerð grein fyrir leikverkinu og kennsluleiðbeiningar fylgja sem eru ætlaðar þeim sem vilja vinna með verkefnið eftir að hafa séð leikverkið.

Abstract

The Immigrant Song.

Can music and drama be interesting teaching methods for teaching academic subjects ?

The presented Masters thesis is twofold, theatrical and theoretical. The play "The immigrant song" is a musical describing both an Icelandic immigrant going west and the era of Icelandic immigration to the US and Canada. (a musical about a pioneer in the period of Icelandic emigration to North America 1875 - 1915) The play (musical) was written as an educational piece for junior high school students, is about 40 minutes long and was performed by three actors. The play was performed in front of fifty fellow students and after the performance the students were asked to participate in a survey. The survey results are presented in the thesis. The responses give a somewhat clear indication that students in general are in favour of having theatre and music in school and from the responses one may even read a wish for a variety of teaching methods to be applied in schools.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	6
1 Inngangur	9
2 Val á viðfangsefni og áherslur verkefnis	10
3 Nokkur orð um vesturferðir og vesturfara	12
4 Leiklist og tónlist í skólastarfi	13
4.1 Leiklist í skólastarfi	13
4.2 Tónlist í skólastarfi	15
5 Markmið með verkefninu	17
6 Kennslufræðilegt gildi verkefnisins	19
7 Samþætting námsgreina	21
7.1 Unnið með námsefnið	21
7.2 Samvinnunám	23
8 Innihald / lýsing á verkefni	24
8.1 Persónur í verkinu	24
8.2 Textagerð	24
8.3 Innihald texta	25
8.3.1 Fyrsti þáttur	25
8.3.2 Annar þáttur	27
8.3.3 Þriðji þáttur	29
8.3.4 Fjórði þáttur	31
8.3.5 Fimmti þáttur	32
9 Að læra í gegnum sköpun	34
10 Söngur vesturfarans	36
10.1 Uppsetning á verkinu	36
10.2 Frumsýning	36
11 Viðbrögð nemenda við frumsýningu	39
11.1 Spurningar	39

11.2 Svör	39
12 Rýnt í svör nemenda	43
13 Verkefni fyrir nemendur eftir að hafa séð leikverkið Söngur vesturfarans	44
13.1 Kennsluleiðbeiningar	44
13.2 Verkefnalýsing og framkvæmd	44
14 Er kennaranám í takti við nýjar áherslur Aðalnámskrá grunnskóla?	48
15 Lokaorð	50
Heimildaskrá	53
Viðauki – Heading 1 miðjusettt og ónúmerað	59

1 Inngangur

Líf á Íslandi á nítjándu öld var frábrugðið því sem við þekkjum í dag. Margt gerðist á þeirri öld sem setti mark sitt á líf fólks og búsetuskilyrði. Náttúruhamfarir, kuldar, eldgos og fleira gerði fólki lífið erfitt. Víða var fátækt og möguleikarnir litlir til að eignast annað líf en það sem snérist um hina svokölluðu baráttu um brauðið. Það var ófrelsi. Það er sennilega fátt hægt að tína til úr þeirri fortíð og líkja við hið daglega líf dagsins í dag. Lífið á Íslandi í þá daga geymist í bókum, frásögnum og öðrum heimildum og minnir okkur á söguna sem þjóðin öll á í sameiningu. Þessa sögu þarf að varðveita og það er gert með því að segja unga fólkinu þessa sögu, sem þau síðan bera áfram til komandi kynslóða.

Meistaraverkefni mitt snýr að því að segja grunnskólanemendum sögu með því að nota leiklist og tónlist. Sagan fjallar um lífið á Íslandi á nítjándu öld og fólkið sem yfirgaf landið og flutti til vesturheims, flestir til Kanada til að eignast betra líf. Þetta fólk er kallað Vestur-Íslendingar. Margir Íslendingar flúðu bág kjör hér á landi, en einnig fór fólk sem bjó við betri kost en almúginn og þá til að freista gæfunnar líkt og margir gera enn þá á okkar tímum. Tímabil vesturferða var frá 1875 - 1914, í dag, árið 2015, eru því rúmlega hundrað ár síðan þessar ferðir lögðust af.

Ég samdi leikverk/söngleik sem ég kalla Söng vesturfarans. Verkið er samið með það að markmiði að fræða grunnskólanemendur á unglingastigi um lífið hér á landi á þessum árum og ástæður þess að fólk fór og hvernig líf fólksins var eftir að komið var til Kanada. Það er einnig samið til að reyna að auka við fjölbreytni í kennsluháttum í tengslum við námsefni um vesturferðir Íslendinga.

Í leikverkinu er lögð áhersla á söngva sem geyma texta sem hver fyrir sig segja sögur af lífi fólks á þessum tíma. Meginhugmyndin er sú að ég vildi segja sögu vesturfara með listgreinunum leiklist og tónlist og þannig stuðla að fjölbreyttum kennsluaðferðum. Leikverkið er hugsað sem skólasýning sem hægt er að fara með í skóla og sýna við ólíkar aðstæður, en einnig er möguleiki á að nemendur sjálfir setji upp sýninguna og bjóði öðrum nemendum á söngleikinn til ánægju og fróðleiks.

Ég samdi leikverkið, lögin og textana með það fyrir augum að kanna hvort listgreinarnar leiklist og tónlist væru góðar sem kennslutæki þegar kemur að kennslu bóklegra greina. Mín túlkun á nýrri Aðalnámskrá er að auka eigi vægi sköpunar og fjölbreyttra kennsluaðferða og er leikverkið Söngur vesturfarans svar við þeirri beiðni.

2 Val á viðfangsefni og áherslur verkefnis

Sögu er hægt að segja á margan hátt. Við getum lesið hana, sagt hana, sungið hana, málað hana og leikið hana. Á tímum vesturfara sem fóru héðan slippir og snauðir þá var það almennt að fólk tæki með sér bækur til að varðveita menningu sína og uppruna. Íslendingar voru duglegir að hafa sínar bækur meðferðis, eftir því var tekið. Vitað er að Íslendingar höfðu sérstöðu meðal innflytjenda á sléttunum vestra vegna þess hversu margar bækur þeir tóku með sér að heiman (Guðjón Arngrímsson, 1998, bls. 206). Það hlýtur að vera mikilvægt að passa upp á okkar sögu og menningu. Söngleikurinn Söngur Vesturfarans sem ef til vill mætti nefna tónlistarsöguleikhús er einn liður í því að passa upp á sögu okkar og menningu. Verkið segir sögu fólks sem tilheyrði íslensku þjóðinni og sögu hennar. Fræðimaðurinn Dewey lagði áherslu á það að skólafræðsla eigi að leiða til menntunar fyrir nemandann og samfélagið byggist á reynslu (Dewey, 2000, bls. 99). Með því að nota leikverkið Söng vesturfarans er verið að fjalla um reynslu fólks fyrr á öldum með verklegum hætti og notaðar til þess listgreinarnar leiklist og tónlist sem kennslutæki.

Margt bendir til þess að þátttaka í listgreinum hafi jákvæð áhrif á nám. Í bókinni Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar er bent á að bein tengsl séu á milli árangurs nemenda í námi og iðkunar listgreina af ýmsum toga og er þar vísað í rannsóknir og fræðimenn úr ólíkum áttum (Gerður H. Óskarsdóttir, 2014, bls 248).

Howard Gardner hefur komið fram með kenningu sem hann nefnir fjölgreindarkenningu. Kenningin byggir á því að fólk hafi átta ólíkar greindir og að kennarar þurfi að hlúa að misjöfnum greindum nemenda. Til þess þurfi að nota ólíkar, fjölbreyttar kennsluaðferðir, einnig kennsluaðferðir listgreina (Armstrong, 2001, bls. 7 - 8). Nám liggur misjafnlega fyrir nemendum, alltaf eru til nemendur sem eiga erfitt með að læra á bókina, þar geta listgreinar komið sterkar inn og eftir sjálfstraust þeirra nemenda sem eiga erfitt með bóknám. Í bókinni taching Intergrated Arts in the primary School er bent á að lifandi flutningur geti verið gott kennslutæki og einnig nauðsynlegur þáttur til að þroska tónlistaráhuga allra nemenda. (Blomfield, 2000, bls. 86). Í leiklist eru ótal leiðir til að deila málefnum líðandi stundar og því sem nemendur eru að fást við án þess að það sé formleg sýning. Það má ger meðal annars með spuna verkefnum og litlum leikþáttum sem auðvelt er að setja upp. (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004, bls. 31 - 36).

Ég hef alltaf verið fylgjandi því að skólar bjóði upp á fjölbreytileika í kennsluaðferðum,

ein megin áhersla verkefnisins er að koma fram með námsefni sem gagnast gæti nemendum og kennurum á ólíkan, fjölbreyttan og listrænan hátt. Umhugsunarefni eru orð Ken Robinsons sem hefur áhyggjur af því að skólinn sé að beina nemendum sínum inn á brautir sem séu úrehtar og drepi niður sköpunarkraft nemenda og steypi jafnvel ungt fólk í sama mótið. Hann vill auka vægi listgreina inn í skólum og nota kennsluaðferðir listgreina í almennu bóknámi. Hann spyr einnig hvort skólinn eigi ekki að reyna að fá það besta fram í öllum (Robinson, 2010) og vísar þar í fjölgreinarkenningu Gardners sem vill láta reyna á ólík greindarsvið nemenda og nota til þess fjölbreyttar kennsluaðferðir. Ef til vill má segja að með því að halda á lofti ólíkum kennsluaðferðum og blanda saman bóklegum greinum og listgreinum er ég að reyna að mæta nemendahópum með það að markmiði að koma til móts við misjafnar þarfir og getu allra.

Ég hef haft áhuga á sögunni um vesturferðir Íslendinga í mörg ár og því var sjálf ákvörðunin um val á viðfangsefni ekki erfið. Í þessu verkefni er sett upp leikrit, tónleikar þar sem allt efnið er frumsamið, listrænt verk, en um leið er tengt við fræði og kenningar í skólastarfi með greinagerð máli mínu til stuðnings.

3 Nokkur orð um vesturferðir og vesturfara

Vesturfara var fólk sem flutti til Ameríku á árunum 1873 -1914. „Á síðustu áratugum 19. aldarinnar voru hér harðindi og erfið afkoma og tóku þá margir sig upp og fluttust vestur um haf, enda var hafður uppi áróður nokkur vestan að til þess að fá fólk til slíkra ferða, en ýmsir hér heima mæltu í móti (Jón J. Aðils. , e.d.). Í bókinni Nýja Ísland segir að upphaf Vesturheimsferðanna sé jafnan miðað við fyrstu hópferðirnar sem farnar voru 1873 og að þeim hafi lokið við upphaf fyrri heimstyrjaldar árið 1914 (Guðjón Arngrímsson, 1997, bls. 10). Áður höfðu þó mormónar farið til Utah í Bandaríkjunum samkvæmt Íslandssöguvefnum en á árunum 1855 -60 fóru þangað sextán Íslendingar og nokkrir tugir til viðbótar það sem eftir var aldarinnar eða nógu margir til þess að mynda þjóðernishóp um skeið (Viðar Hreinsson og Jón Karl Helgason, 1999 - 2000). Langflestir fluttu til Kanada. Bág kjör almennings hér á landi var lang algengasta ástæða þess að fólk flutti í burtu. Það má samt sem áður alls ekki gleyma því að margir fóru héðan út af ævintýraþrá þó þeir hefðu það ef til vill gott á Íslandi. Samkvæmt heimasíðu Vesturfarasetursins á Hofsósi er talið að á milli 15000 – 20000 manns eða um 20 – 25% þjóðarinnar hafi farið af landi brott á árunum 1870 – 1914 (Vesturfarasetrið, 2014).

4 Leiklist og tónlist í skólastarfi

4.1 Leiklist í skólastarfi

Leiklist er námsgrein sem kemur að mörgum þáttum í lífi nemandans og margar rannsóknir hafa verið gerðar um mikilvægi þess að hafa leiklist í skólastarfi. Í bókinni *Leiklist í kennslu* er vitnað í fjölmargar rannsóknir og sérfræðinga á sviði leiklistar. Leiklist kemur að tilfinningalífi nemandans, ræktar sköpunargáfu, er forvarnartæki, samskiptatæki og veitir tækifæri til að tjá sig í hópi með öðrum nemendum. (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004, bls. 8-10).

Það er mikilvægt fyrir leiklistarkennara að hafa góðan aga og skýrar reglur í kennslu sinni. Það sem kalla má fyrirbyggjandi aga (proactive discipline) eins og Wormeli (2003) talar um. Agaleysi getur auðveldlega eyðilagt kennslustund og stemningu í leiklistartímum. Kennarar sem eiga auðvelt með að kenna og skapa góðan bekkjaraga eru einstaklingar sem búa yfir góðu skipulagi og ná jafnframt að vinna vel með þá eiginleika (Wormeli, 2003). Í greininni *The Critical Role of Classroom Management* segir að árangursrík kennsla og nám geti ekki farið fram í illa stjórnaðri kennslustofu. Ef nemendur eru óþekkir og ókurteisir og engar augljósar reglur eru um hvernig á að hegða sér verður óreiða í kennslustundinni. Við þessar aðstæður þjást bæði kennarar og nemendur. Kennarar eru í baráttu við að kenna og nemendur líklegri til að læra "miklu minna en þeir ættu að gera" (Marzano, 2003). Leiklist kallar á hópvinnu og oft vinna nemendur náið saman á tilfinningalegum nótum og því er samningur milli nemenda og kennara mögulegur. „Samningur um skyldur og ábyrgð bæði kennara og nemenda er góð lausn, þá vita allir aðilar hvers er vænst af þeim“. (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004, bls. 13). Mikilvægt er að kennarinn þekki vel til nemenda sinna þegar unnið er með kennsluaðferðir leiklistar. Sumir nemendur geta átt erfitt, hafa ef til vill greiningu eins og til dæmis unglingar með ADHD eða greindir með einhverfu. Þau börn og unglingar geta átt í erfiðleikum með að lesa í aðstæður og taka eftir félagslegum vísbendingum sem leiðir til þess að þau einangrast jafnvel á því sviði (Ingibjörg Karlsdóttir, 2013, bls. 5-15). Þar sem kennsluaðferðir leiklistar eru fjölbreyttar ættu einhverjar af þeim aðferðum að gagnast nemendum sem eiga erfitt í skólanum, kennsluaðferðirnar eru einnig skapandi en þær henta oft nemendum sem þurfa að fá útrás eða eiga erfitt með bóklegt nám. Í rannsókninni *Skapandi nám í gegnum leiklist* er rætt við kennara sem tjáðu sig um hvernig þeirra upplifun er að vinna með leiklist í skólanum. Þar segir; „Áberandi var að allir kennararnir nefndu að þeir nemendur sem eigi erfitt

með bóklegt nám blómstri í leiklist. Aðferðin hjálpaði þeim nemendum sem ekki voru góðir í lestri eða áttu erfitt með að fylgjast með". (Ása Helga Ragnarsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir, 2010).

Leiklist er margt í senn, tjáningarform, sögusvið, tilfinningavettvangur eða kennslutæki fyrir kennara til þess að þjappa hópi saman og gefur mörgum nemandanum tækifæri til þess að efla sinn félagsþroska eða yfirstíga feimni svo fátt eitt sé nefnt. Í Aðalnámskrá grunnskóla er bent á að leiklist reyni á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu, allt fer þetta fram í gegnum leiklist og nemandinn getur í leiðinni upplifað öruggt umhverfi í skólanum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Eitt af því sem Aðalnámskrá nefnir sem hæfniviðmið í leiklist við lok 10. bekkjar er að nemendur eiga að geta rökrætt leikið efni á sviði og í myndmiðlum á gagnrýninn hátt og sett það í sögulegt og menningarlegt samhengi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Hér er átt við að skólinn bjóði nemendum sínum að sjá sýningar og nemendur geta svo í framhaldinu haft sínar eigin skoðanir á því sem þeir sáu og upplifðu. Tónlistarsöguleikhúsið Söngur Vesturfarans ætti að gefa möguleika á að nemendur geti metið sýninguna, rætt og tjáð skoðanir sínar á verkinu. Robinson segir að þegar listamenn vinni með börnum og ungu fólki hafi það jákvæð áhrif fyrir þá sjálfa. Þannig að það er einnig hagur fyrir listfólk að heimsækja skóla með sýningar. (Robinson, 1989, bls. 118).

Í bókinni Leiklist í kennslu er sagt að leiklist geti verið tæki til forvarnar því aðferðir greinarinnar stuðli markvisst að því að styrkja sjálfsmynd unglinga þannig að þeir læri að taka ákvarðanir út frá sínum skoðunum og tilfinningum og þannig minnka möguleika á því að hópþrýstingur leiði þá í rangar áttir í lífinu (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004, bls. 8). Ef nemendur setja sjálfir upp leiklistar/söngleik sinn þurfa þeir að standa og falla með þeim ákvörðunum sem þeir taka um að setja verkið á svið. Þeir þurfa að taka ábyrgð á leiktexta sínum og standa með félögum sínum að gerð verksins.

Fyrir kennara sem kennir leiklist eru sömu grundvallar vinnubrögð notuð eins og í hverri annarri kennslugrein. Í bókinni The primary drama handbook er farið yfir það hvernig notuð er leiklist með heilum bekk og gefin mörg góð ráð, meðal annars er lögð áhersla á að kennarinn viti í byrjun hvað hann vill að nemendur læri, hvaða reynslu þeir eiga að fá út úr þátttöku sinni í tímunum, hvernig hann metur verkefni nemenda og talað um mikilvægi þess að skipuleggja kennsluna vel (Baldwin, 2009). Af ofansögðu er ljóst að kennsluaðferðir leiklistar geta verið góður kostur ef kennari er skipulagður, setur sér markmið og notar ólíkar kennsluleiðir.

4.2 Tónlist í skólstarfi

Tónlist er samofin daglegu lífi manna og sennilega er enga listgrein jafn víða að finna. Ungir sem aldnir hafa skoðanir á tónlist sem gerir fagið vonandi skemmtilegt og gefur mörg tækifæri fyrir tónmenntakennara. „Tónlist getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar. Í síðara tilvikinu ræður ákveðin tónlistarstefna klæðaburði, framkomu og fleiru, sem myndar menningarheild. Tónlistarmenning vísar þannig til hvernig við tengjumst, notum, fremjum, semjum, og hugsum um tónlist“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Tónlist hefur lengi verið námsgrein í grunnskólum á Íslandi. Námskrá fyrir barnaskóla á Íslandi leit fyrst dagsins ljós árið 1929 og þar mátti finna námsgrein sem hét söngur (Loftur Guttormsson, 2008, bls. 169).

Í mínum huga hefur tónmenntakennari val um margs konar leiðir í fagi sínu til að koma námsefninu til skila. Hann leggur línurnar hvernig hann vill kenna á þann hátt sem hann telur sig kunna best. „Tónmenntakennarar hafa mikið frelsi í starfi sínu hér á landi og erlendis. Sjaldgæft er að yfirmenn eða samstarfsmenn láti í ljós skoðanir á því hvað skuli fara fram í tónmenntastofunni og foreldrar eru síður líklegir til að fylgjast með því hvort tónmenntakennarinn fari eftir aðalnámskrá en til að mynda íslensku- eða stærðfræðikennarinn“ (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013).

Að hlusta á uppáhalds tónlist sína er nauðsynlegt, en það er einnig mjög mikilvægt að kynna nemendur fyrir nýrri og framandi tónlist sem jafnframt tilheyrir ekki þeirra eigin menningarheimi (Mills, 2005, bls. 63). Til að sinna ólíkum nemendum, uppfylla kröfur Aðalnámskrár grunnskóla og sinna því starfi að koma tónlist út í skólasamfélagið með því að vinna við sýningar og aðrar uppákomur þarf kennarinn að hafa góða aðstöðu, tæki og tól og hæfilega hópastærðir. Í rannsókn sem Helga Rut Guðmundsdóttir gerði á tónmenntakennslu á Íslandi komu þessi atriði fyrir í viðtölum við tónmenntakennara. Helst þó að bæta þyrfti tækjakostinn (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008). Ég tek undir það að góður tækjakostur og réttar hópastærðir hafa mikið að segja til að hægt sé að vinna með tónlist á þann hátt að bæði kennarinn og nemandinn njóti góðs af.

Tónmennt býður nemendum að hlusta á tónlist, búa til tónlist, flytja tónlist, nota tónlist og skilgreina tónlist og læra almennt um tónlist. Þannig hefur tónmenntakennari tækifæri til að skapa aðstæður og tækifæri fyrir nemendur til þess að koma fram eða skipuleggja viðburði. Þar með skapast einnig aðstæður til þess að hlusta á tónlist og segja með tónlistinni það sem nemendur vilja koma á framfæri. Tónlist og leiklist eru listgreinar sem vinna

mikið saman og eru söngleikir í grunnskólum víða ómissandi þáttur í skólalastarfinu.

Er hægt að nota tónlist sem kennslutæki? Í bókinni Litrófi kennsluaðferðanna er mælt með að nota tónlist sem „kveikju“ (Ingvar Sigurgeirsson, 1999), en er ekki hægt að nota hana á margan annan hátt? Til dæmis sem námsefni fyrir unglingastig? Verkefnið Söngur vesturfarans er ætlað að vera innlegg í þá flóru, einskona tónlistarlegt kennslutæki. Tónlistin og textarnir hafa sinn tilgang eins og öll list á sinn hátt. Það er mín skoðun að þessi listgrein sem er alls staðar í kringum okkur eigi meira erindi við nemendur grunnskóla en hingað til hefur verið.

5 Markmið með verkefninu

Í upphafi skyldi endinn skoða og ein mikilvægasta ákvörðun sem tekin er þegar verið er að undirbúa kennslu er að vita hvað á að kenna, hvaða þekkingu eigi að miðla og hvað nemandinn á að læra af kennslunni (Ingvar Sigurgeirsson, 1995, bls. 26).

Markmið verkefnisins er að fræða nemendur um tímabilið 1875 – 1915 þegar vesturferðir Íslendinga stóðu yfir. Markiðið er þar að auki að útbúa kennsluefni sem hentað gæti nemendum og kennurum á unglingsstigi. Verkefnið er samþætt með listgreinunum leiklist og tónlist og reynt er að stuðla að fjölbreyttum kennsluháttum í verkefninu. “Almenn menntun byggist á fjölbreyttu námi á meginsviðum menningar okkar, umhverfis og samfélags” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Nemendur öðlast upplýsingar um lífið á Íslandi, ástæður þess að fólk fór héðan í stórum stíl og fá innsýn inn í hvernig gekk hjá því þegar til Kanada var komið. Höfundur hefur samið tónlist, söngva og frásagnir til þess að reyna að koma til skila þeirri sögu sem þetta tímabil býr yfir. „Við vitum það að kennslan heppnast best þegar reynsla í námi ýtir nemandanum út fyrir hans sjálfstæða heim“ (Tomlinson, 2001, bls. 8). Með orð Tomlinson í huga leitast höfundur við að gera kennsluefnið lifandi, áhugavert og umfram allt vel skiljanlegt fyrir nemendur og kennara.

Listgreinarnar leiklist og tónlist geta verið athyglisverð verkfæri fyrir kennara til að kenna nemendum í grunnskólum að verða sér út um þekkingu sjálfum með félagslegri nálgun. Fræðimaðurinn Vygotsky kom fram með kenningu um félagslega hugsmíðahyggju sem bendir á mikilvægi félagslegra samskipta í uppbyggingu þekkingar og skilnings. Hann bendir á hvernig nám á sér stað frá kennara til nemenda og yfir í að nemendur smíði sína þekkingu sjálfir (Macdonald Allyson, 2003).

Saga vesturfaranna er hluti af okkar þjóðararfi og því mikilvægt að sagan lifi með þjóðinni. Ég valdi þá leið að kynna söguna með tónlist og leiklist því ég er þeirrar trúar að listir séu dýrmætari fyrir nemendur í grunnskólum. Elliot Eisner hélt því fram að listir væru mjög mikilvægar til að þroska huga og færni hjá börnum og að listir væru kennurum bæði öflug leið fyrir kennslumöguleika og mikilvægt tæki í starfi þeirra (Donald, 2014).

6 Kennslufræðilegt gildi verkefnisins

Einn af þeim möguleikum sem verkefnið Söngur vesturfarans hefur fyrir nemendur er að þjálf þá sjálfa í að búa til sitt leikverk og sýna afraksturinn. Í þeirri vinnu þurfa þeir að vinna fjölbreytt verkefni, þeir þurfa að vinna að leikgerð verksins, huga að búningum, leikmyndagerð, ljósum og ljósabúnaði, hljóðkerfi, flutningi á sönglögum, hönnun leikskrár, athuga tæknimál og síðast en ekki síst afla sér fjölbreyttra heimilda um tímabil vesturfaranna. Ólík en fjölbreytt verkefni þar sem nemendur geta valið viðfangsefni eftir áhugasviði og getu hvers og eins. Það leiðir hugann að kenningu Eriksons sem taldi að persónuleiki barns þroskist andlega í gegnum mismunandi stig. Hann taldi að hægt væri að velja mismunandi námsleiðir sem henta hverju þroskastigi, hann minnti á að nemendur á sama aldri gætu verið á ólíku þroskastigi og kennarar ættu að huga að því í kennslu sinni (Erikson, 1968). Erikson bætti við að einstaklingur gæti haft mótandi áhrif á sálrænan þroska sinn með því að samþætta reynslu sína á lífsleiðinni og ígrunda hana. Það má ef til vill segja að kenning hans undirstriki mikilvægi menningarlegra markmiða til aukins þroska einstaklinga, hér nemenda (Snowman, J. McCown, R. and Biehler, R., 2009, bls. 26 - 27). Nemendur upplifa list við uppsetningu verksins Söngur vesturfarans, sem vonandi færir þeim þekkingu um líf vesturfaranna í gegnum tónlistarleikhús.

Nemendur sem munu vinna með námsefnið Söngur vesturfarans eru á unglingastigi. Erikson (1968) segir meginverkefni unglingsáranna vera að öðlast sterka sjálfsmynd en það felur í sér að taka ákvarðanir um lífsstefnu, menntun og félagslegt viðhorf. Í verkefninu reynir á félagsleg viðhorf nemenda, þeir þurfa að vinna náið saman, bera virðingu fyrir hver öðrum, hlusta og finna lausnir.

Kennsluaðferðir kennara geta haft áhrif á það hversu sterka sjálfsmynd unglingar ná að þróa með sér. Rannsóknir sem byggja á kenningu Baumrind beinast að samheldni og viðurkenningu unglunga. Niðurstöður þessara rannsókna sýna að samheldni er þáttur sem hjálpar ungu fólki að byggja upp sterka sjálfsmynd (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín Lilja Garðarsdóttir, 2004, bls. 151 - 166). Áhrif jafningjahóps eru sterk og hugmyndir, viðmið og gildi hans vega þungt. Það skiptir því miklu máli hvernig nemendahópurinn er sem vinnur saman, það skiptir máli að hópurinn vinni saman sem ein heild að sama markmiði með jákvæðni að leiðarljósi. Í tónlistar/leikhúsinu um Söng

vesturfarans þurfa nemendur að vinna saman sem ein heild þannig að verkið gangi upp, það reynir á samvinnu og samskipti, það er því mikilvægt að allir séu meðvitaðir um að verið sé að vinna saman að sameiginlegu viðfangsefni.

Leikverkið er í mínum huga fyrst og fremst innlifunaraðferð þar sem verkið fær nemandann til að sjá meira fyrir sér í huganum og fara í ferðalag aftur í tímann. Ef vinna á með vesturferðir í öðrum greinum getur leikverkið verið góð kveikja. Vinna má auðveldlega áfram með aðrar hugmyndir sem tengjast verkefninu til dæmis geta nemendur búi til sínar eigin sögur og tengt við sína menningu. „Í fjölskyldunni, skólunum, jafningjahópum og á starfsvettvangi kynnast einstaklingar, læra og taka þátt í að skapa ólíka menningu eða menningarkima“ (Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Magnús Þorkell Bernharðsson, 2007).

Verkefnið býður upp á margar og ólíkar kennsluaðferðir. Það er á valdi kennara hvernig þeir vinna með efnið í kjölfar sýninga. Kennarar gætu sett upp ýmis konar verkefni sem miða að því að kafa dýpra í ákveðna þætti sem teknir eru fyrir í sýningunni. Nota lögin úr sýningunni eða önnur lög sem passa vel við efnið eða þá að semja sín eigin lög og texta. Krog (1999, bls.5) mælir með að nota margar ólíkar tónlistaraðferðir: „Börn hafa enga fordóma. Í þeirra huga er tónlist án allra takmarka. Þau taka við öllu sem við gefum þeim. Við berum þá miklu ábyrgð að veita þeim aðgang að eins fjölbreyttri tónlist og við mögulega getum – barnagælum, rokki, dægurlögum, þjóðlögum, sígildri tónlist o.s.frv.“

Vinna mætti með fátækt á Íslandi á tímum vesturferða, reikna út og gera samanburð á fólksflutningum frá Íslandi á tímum vesturferða og dagsins í dag, gera samanburð á lífsgæðum og lífnaðarháttum, fræðast um Íslendingabyggðir í Kanada. Möguleikarnir eru margir og kennsluaðferðirnar einnig. Lausnaleytaðferðir, spurnaraðferðir, umræður, innlifunaraðferðir, útlistunarkennsluaðferðir og fjölmargar aðrar kennsluaðferðir geta komið að þessu verkefni.

Sú staðreynd að kennsla er menningarleg iðja skýrir hvers vegna það er svo snúið sem raun ber vitni að breyta kennsluháttum í skólum (Hafþór Guðjónsson, 2012, bls. 12).

Það sem er talið vega þyngst í ákvörðun kennara við val á kennsluaðferðum er það sem kennarinn þekkir úr sínum reynsluheimi. Eitthvað sem hann upplifði í skóla sjálfur og verður fyrir valinu því það dugði hér áður fyrr og gerði gagn (Lilja M. Jónsdóttir, 1996, bls. 6). Þróun er liður í starfi kennarans og með því að reyna eitthvað nýtt lærir kennarinn á rannsóknum sínum og fær þannig kjark til að takast á við fjölbreyttar kennsluaðferðir.

7 Samþætting námsgreina

Saga vesturferða er saga þjóðar og er tímabil í Íslandssögunni sem hægt er að skoða og rannsaka frá mörgum hliðum. Á þessum tíma voru kjör fólks önnur en við þekkjum í dag. Lifnaðarhættir með allt öðru sniði. Samfélagið allt var öðruvísi. Þegar ég samdi leikverkið sá ég strax fyrir mér kennslumöguleika í skólastarfi fyrir og eftir sýningar þar sem verkið yrði flutt. Sagan á erindi við nemendur og með markvissri skipulagningu væri hægt að setja stórt verkefni á laggirnar þar sem margar kennslugreinar koma inn í þá vinnu og nota þar ólíkar kennsluaðferðir. Hér á eftir koma nokkrar hugmyndir að samþættingu námsgreina.

Ramminn í kringum verkið gæti verið eitthvað á þessa leið.

Heiti verkefnis → Tímabil vesturferða → Ólíkar kennslugreinar; Skipuleggja sýningu þar sem þetta tímabil í sögunni er tekið fyrir → Verkefni eiga að vinnast innan ákveðins tímaramma og kennarar hverrar greinar sjá um að skipuleggja verkefni → Afrakstur, sýning á degi sem væri tileinkaður þessu verkefni.

7.1 Unnið með námsefnið

Með verkefninu eru kennslugreinarnar; Leiklist, tónmennt, samfélagsfræði, heimilisfræði og íslenska samþættar. Tónlist og leiklist eru hentugar listgreinar til þess að samþætta við aðrar greinar vegna þess að oft eru notaðar leikrænar hreyfingar með tónlist eða tónlist notuð undir leiktexta. Litróf kennsluaðferðanna bendir á að tjáning með tónlist, söng, hreyfingu og dansi sé vanrækt í skólum hér á landi í tengslum við aðrar námsgreinar og ýmis viðfangsefni (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 107). Það mætti einnig fá nemendur til þess að semja sín eigin ljóð út frá vesturfaratímabilinu og nota leikræna tjáningu og tónlist til þess að tjá sig og túlka ljóðið, búa til sína eigin ljóðasýningu.

Í grein sem segir frá þróunarverkefni í Fjölbrotarskóla Snæfellinga og snýr að samþættingu námsgreina er fjallað meðal annars um kenningar ýmissa heimsspekinga og hugmyndafræðinga í tengslum við samþættingu. Með því að skipuleggja verkefni með þeim hætti að hver og einn finni sér verkefni eftir

áhuga og getu á einskönar einstaklingmiðað nám sér stað sem rekja má til hugmynda uppeldisfrömuða eins og Jean-Jacques Rousseau, John Dewey og Mariu Montessori (Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir, 2011, bls. 2). “Í samfélaginu eru verkefni yfirleitt ekki sundurgreind og einangruð heldur samofin mörgum þáttum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við skipulag skólastarfs. Því ætti að vera áhersla á samþættingu námsgreina þar sem horft er til verkefna sem hafa snertifleti við margar námsgreinar” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Það mætti nálgast mörg viðfangsefni skólans með tónlist og leiklist. Það er hlutverk skólans að bjóða upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir og með því að nota listgreinar til þess að segja sögur og fræða er verið að koma til móts við stóran hóp nemenda sem eiga jafnvel ekki gott með að læra bóklegar greinar.

Tengsl við aðrar námsgreinar:

- Í samfélagsfræði er söguleg tenging við gamla tíma, lífskjör og ferðalög vestur. Hvað fóru margir, af hverju? Nemendur bera saman lífið í dag við þann tíma með áherslum á fyrirfram ákveðna þætti.

- Í tímum í ensku er mögulegt að finna upplýsingar um Vestur-Íslendinga, afkomendur vesturfaranna og skrifa um það í ritgerðum eða kynningarformi á ensku. Að auki er hægt að leita að margvíslegu efni á ensku sem tengist vesturförum.

- Í tímum í íslensku væri hægt að lesa efni frá þessum tíma, um þessa tíma og bera saman málfarið í dag og á þeim tíma sem efnið fjallar um. Hægt er að skoða gömul rit sem auðveldlega er hægt að finna á internetinu.

- Í heimilisfræði væri hægt að baka og elda það sem var á borðum fólks í þá daga.

- Í myndmennt væri hægt að teikna lífið á þessum tímum og bera það saman við líf fólks í dag. Búa til myndasögu. Blanda saman teikningum, myndum frá tímum vesturfara. Einnig er stuttmyndagerð með leirmótun eða klippimyndum tilvalið.

- Í stærðfræði væri hægt að reikna út kostnaðinn af því að fara frá Íslandi og nema land í Kanada.

Í öllum þessum greinum gerast nemendur rannsakendur og vinna með efnið á sinn hátt þar sem ímyndunaraflið ræður för. Hér eru einungis nokkur sýnishorn af þeim möguleikum sem eru fyrir hendi.

7.2 Samvinnunám

Í kjölfar sýningar á Söng vesturfarans fá kennarar verkefni sem ég hef útbúið fyrir nemendur sem gengur út á að vinna í hópum, vinna saman, í samvinnunámi og njóta þannig styrkleika hvers annars. Ég bjó til kennsluleiðbeiningar þar sem nemendur fá frjálsræði til að skila verkefninu á þann hátt sem þeir kjósa. Samvinnunám er kennsluáferð sem gengur út á að nemendur vinni saman í litlum hópum til að ná sameiginlegum markmiðum þar sem hver og einn getur látið sínar sterku hliðar njóta sín, læra af öðrum nemendum og miðla til annara í leiðinni (Hildigunnur Bjarnadóttir, 2012).

Góð dæmisaga um samvinnunám er sagan um öll dýrin í Afríku, eitt af hverri tegund, sem

voru sett í einn bekk og kennarinn segir: „Í dag ætlum við að finna út úr því hvernig við komumst upp í tré.“ Við vitum að fíllinn klifrar ekki en ljónið gæti gert það vel, en mikilvægast af öllu er að vinna saman þannig að allir komist upp. Söngur vesturfarans er samvinnuverkefni sem hópurinn verður í sameiningu að leysa og hver hefur sitt hlutverk.

Samvinnunám (co-operative learning), er heiti yfir vinnu sem miðast við að allir eigi möguleika á því að nota sínar sterku hliðar. Hlutverk skólans er að mæta hverjum og einum nemanda þar sem hann er staddur og fela honum verkefni við hæfi.

8 Innihald / lýsing á verkefni

Verkið Söngur vesturfarans er 40 mínútna söng- og leikverk með þremur leikurum og er sýningin ætluð fyrir nemendur á unglingastigi. Ég leik eitt hlutverkið auk þess að spila á gítar og syngja lögin. Uppsetning verksins er í fimm sjálfstæðum þáttum. Í hverjum þætti er lítið leikverk sem endar með tónlistarflutningi sem tengist efninu. Þannig er saga vesturfaranna sögð með leiklist og tónlist. Leikverkið er einfalt og sett upp með það í huga að hægt sé að setja það á svið sem víðast. Efnistökin eru lífið á Íslandi á níjtjándu öld og saga vesturferða. Efníð er ekki tæmandi saga, en sett upp á þann hátt að nemendur eiga að fræðast um vesturfarana með því að sjá og upplifa sýninguna.

8.1 Persónur í verkinu

Persónur í verkinu eru fjórar og þrjár leikarar. Karlmaður fæddur árið 1940 kemur fram í byrjun verksins og í lokaatriði þess. Hólmfríður er kona sem kemur fyrir í fjórum af fimm þáttum sýningarinnar og telst vera aðalpersóna verksins. Líf Hólmfríðar er rakið frá því hún ákveður af fara vestur um haf til þess dags sem hún deyr gömul kona í Kanada án þess að hafa nokkurn tímann komið aftur til Íslands.

Jón kemur fram tvisvar sinnum í verkinu og ræðir við Hólmfríði í atriði sem gerist á skipinu.

Að lokum er það umboðsmaður sem kemur fram í einu atriði, en hann reynir að fá Íslendinga til þess að flytjast til Kanada.

8.2 Textagerð

Söngtextar eru samdir samkvæmt íslenskum bragreglum og er Ragnar Ingi Aðalsteinsson doktor í íslenskri bragfræði sérfræðingur verksins og var höfundur innan handar í tengslum við rétt vinnubrögð textagerðarinnar. Það gerist ekki að sjálfu sér að að menningararfurinn lifi eins og kveðskapalistin og til að viðhalda þeirri list þarf að kenna vinnubrögðin og reglurnar. (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2011, bls. 4) Textarnir fjalla hver og einn um ólík efni til dæmis: Lífið á Íslandi á þessum tíma, starf umboðsmanna (agents), líf bændafólks, fátækt, dvöl á skipi á leið til fyrirheitna landsins og lífið í Kanada. Vonast er til að nemendur fái með verki þessu innsýn í þann tíma sem hér um ræðir.

8.3 Innihald texta

Þegar ég samdi textana við lögina vildi ég búa til sjálfstæðar sögur, einskona myndir og með því að raða þeim í tímaröð varð til saga sem hægt var að segja og lögina studdu við söguna. Ég samdi ellefu texta en fimm eru einugis notaðir í sýningunni. Í kjölfar sýningar gef ég lögina út á geisladiski þar sem öll lög og textar sýningarinnar verða að finna.

8.3.1 Fyrsti þáttur

Fyrsta lag Söngva vesturfara fjallar um lífið á nítjándu öld á Íslandi þar sem tekin

eru fyrir þau áhrif sem höfðu vægi í ákvörðunum fólks í að yfirgefa landið og flytjast búferlum. Fátækt, eldgos, kuldi og harðindi höfðu mest áhrif eins og segir í dagbók Sveins Þórarinssonar amtsskrifara frá 1869 þegar hann ræðir um tíðarfarir í Skagafirði. Efni dagbókar hans er að finna á Íslandssöguvef RUV.

„25. maí. Norðan heljarkuldi með hrið, gránaði ofan í sjó. Ég fékk 17 upsa hjá Johnsen fyrir 2 þumlunga af rjóli. Ég sagaði niður tré í eld, smíðaði lítið borð á kvistinn. Nú er ég að verða heyllaus fyrir kúna. Pollinn fyllti af ís og rákust 6 hákarlaskip, sem hér liggja, undan honum upp í fjöru.“

Síðan ræðir Sveinn aftur um veðurfarið í júní.

„15. júní. Norðan frostbruna stormur og loft bakkafullt eins og á þorra væri. Fréttist að barkskipið hefði strax siglt úr fjarðarkjafinum aftur austur fyrir, og kom því faktor Möller svo búinn heim í nótt. Ég sat við að innfæra kjörskrána hálfveikur af hungri, þar eð ég ekkert hefi lengi smakkað af næringsmiðler annað en kolur og saltfisk. Eggert Gunnarsson var hér á fleygiferð að reyna að koma til vegar, að Skagfirðingar gætu náð í strandið í Siglufirði. Höfrungar voru í vök í Oddeyrarbótinni; voru menn að elta þá og náðu einhverju af þeim. Kýr látnar út um stund í dag, þær sem heyllausar eru“ (Viðar Hreinsson og Jón Karl Helgason, 1999 - 2000).

Þessar lýsingar ásamt mörgum öðrum úr dagbókinni lýsa aðstæðum sem fólk í dag þekkir ekki. Gamall maður sem ég átti spjall við um textana mína gaf mér þau ráð að draga ekki úr lýsingum á fátækt og harðindum. “Þetta var svona í alvörunni “sagði hann...”og miklu verra en það sem við lesum um.“

Ísland á 19. öld

Lag og texti: Halli Reynis

Hungurvofan var hér tíður gestur,
vesöld, hafís, aflagrestur.
Barátta fyrir lífsins brauði,
barnadauði.

Eldgos, kuldi, öskuský,
aumar sálir fjötrum í.
Eignuðust margir andans gjafir.
Opnar grafir.

Réðu öllu ríki og kirkja.
Rótlaus skáldin kunnu að yrkja.
Menning sú úr beiskum brunni,
í baðstofunni.

Hjátrúin var löngum loðin,
lífsins gildi fótum troðin.
Helvíti og himnaríki,
í hugarlíki.

Eins og bóndans fé á fjalli,
fátækir hlýddu hverju kalli.
Í von um einhvern ætan bita,
örlítinn hita.

Unnu flestir heimahögum,
hafðir undir dönskum lögum.
Kaupmannsfrúin prúð og pen,
frú Petersen.

Lærðum við eitthvað af öllu saman,
sem upp er talið hér að framan?
Af því sem hafði okkur svikið?
Ekki mikið.

Farðu bara út, agentarnir sögðu,
til Ameríku, þar sem trauðla moldarkofi er.
Þau sem höfðu dvalið lengi í þjáningunni þögðu,
þóttust skynja drauma og vonina hjá sér.

8.3.2 Annar þáttur

Annað lagið heitir Agentinn. Það fjallar um umboðsmennina sem seldu fólki ferðir út til Kanada. Í kringum þessa stétt manna var engin lognmolla, síður en svo. Andstæðingar vesturferða litu þessa menn illu auga og oft kom til stimpinga á fundum þeim sem boðaðir voru til að kynna fyrirheitna landið Kanada. Í Öldinni okkar frá árinu 1876 segir frá tveimur sendimönnum sem stjórn Kanada sendi hingað á því vori eða svokallaða erindreka, þá Sigtrygg Jónasson og Krieger nokkurn, danskan mann. Sigtryggur ferðaðist víða um Norður- og Austurland og skráði fólk til vesturfarar. Segir einnig að menn hafi ekki þurft mikillar eggjunar við til burtferðar (Gils Guðmundsson, 1956).

Leikþátturinn gerist á fundi umboðsmanns sem vill hvetja Hólmfríði til þess að kaupa sér farseðil þrátt fyrir að hún eigi ekki fyrir honum. Umboðsmaður bendir henni vinalega á að hreppsómagar fái oft ferðastyrki. Þannig losuðu hrepparnir sig við hreppsómagana í eitt skipti fyrir öll.

Agentinn talar

Lag og texti: Halli Reynis

Engum sel ég feigðarför,
fals úr gæfu brunni.
Aðeins bætt og betri kjör,
bugaðri alþýðunni.

Þrættu ei fyrir þrældóminn,
þrot á lífsins gjaldi.
Beygðar sálir, þarlóminn,
beittu ofurvaldi.

Allra bíður ófrelsið.
innri bældur friður,
líf þitt fær að leika við,
leggðu vopnin niður.

Þreytan magnast, þróttur dvín,
í þjáðum krepptum höndum.
Snjórinn þekur líkt og lín,
líf í klakaböndum.

Finndu önnur fiskimið.
Finndu skóg og engi.
Finndu lífið leika við,
ljúfa hjarta strengi.

Lævíst valdið leikur sér,
lúmskur dalafriður.
Kotbændana krafa er
klofin í herðar niður.

Sá er lífið sigur gaf,
siglir voðum þöndum.
Bátnum út á ballarhaf,
burt frá Íslands ströndum.

8.3.3 Þriðji þáttur

Þriðja lagið fjallar um konuna Hólmfríði á skipi á leið til fyrirheitna landsins. Hún er á leið vestur um haf. Þessi texti segir frá hugsunum konunnar sem yfirgefur land sitt eftir hafa þurft að jarða börnin sín í kirkjugarðinum í sveitinni sinni. Eftirlifandi börnum sínum vill hún gefa betra líf. Það er ein ástæða ferðarinnar. Í bókinni Nýja Ísland segir frá því að aðbúnaður um borð í skipunum var síður en svo góður, einkum á leið til Skotlands, en þangað var farið fyrst. Ömurlegar vistarverur fólksins voru neðan þilja þar var fólkið með farangur sinn innan um hross sem einnig voru neðanþilja. Létu sumir sig hverfa frá borði og hættu við ferðina (Guðjón Arngrímsson, 1997, bls. 80). „Vesturfarar höfðu ekki efni á að ferðast á neinu lúxus farrými. Íslensku agentarnir voru vanir að semja við eitthvert skipafélag um að flytja vesturfarana til Leith í Skotlandi (Helgi Skúli Kjartansson, 1995, bls. 26). Þaðan var svo farið til Kanada.

Hólmfríður hittir ungan samlanda sinn á skipinu og taka þau tal saman. Ungi maðurinn leggur áherslu á að hann hafi tekið með sér bækur því hann vilji ekki gleyma uppruna sínum.

Saga konunnar í skipinu

Lag og texti: Halli Reynis

Við lögðum frá landi í sumar,
þá leit ég í hinsta sinn.
Fjöllin sem áður mér festust í huga,
fjörðinn og bæinn minn.
Tár varð að táraflóði,
trú mín var skjöldurinn.

Ég bað fyrir börnunum mínum,
sem brátt fengu að sjá.
Nýja heiminn, nýja landið,
nýjar stjörnur himnum á.
Og þeim sem garðinn gista,
gengin okkur frá.

Við siglum á svörtum öldum.
Til sólar við höldum.

Mér fannst eins og ég yrði,
ein um komandi tíð.
Þegar öldurnar á úthafinu,
ortu rætið níð.
Lífið lofaði mörgu
en lagði okkur þetta stríð.

Í kotinu áttum við engar vonir,
aum voru þessi kjör.
Með fátæktina í farteskinu,
við fundum engin svör.
Með bænir á bláum vörum,
var bátnum ýtt úr vör.

Við siglum á svörtum öldum.
Til sólar við höldum.

Alla tíð voru örlög dimm,
yfir vofði feigðin grimm.
Barátta við djöfuls dauðann,
sem dæmdi manninn snauðan.

Sultur allan sólarhringinn.
Sveitin hataði fátæklinginn.
Eynd og vosbúð alla daga,
var okkar saga.

Draumarnir okkur drógu í burtu,
draumar um betri hag.
Uppskera á akri vonar,
aðeins bjartan dag.
Óskýr mynd úr öðrum heimi,
einsog fallest lag.

Við siglum á svörtum öldum.
Til sólar við höldum.

8.3.4 Fjórði þáttur

Fjórða lagið gerist eftir að komið er á áfangastað, til Íslendinganýlendunnar. Leikþátturinn fjallar um Hólmfríði sem skrifar sendibréf heim. Bréfið er lesið upp og lýsir gangi mála hjá landnemum um réttinn til að fá að vera og njóta þeirra kjara sem þeim stendur til boða. Í byrjun er indíáninn Ramsey nefndur á nafn en hann reyndist mörgum vel og var frægur meðal Íslendinga. Guttormur J. Guttormsson fjallar um líf Ramsey í tímaritinu Andvara þar sem hann segir að indíánar hafi almennt ekki verið fyrir það að kenna Íslendingum listir sínar en það var annað upp á teningnum með John Ramsey. Hann kenndi Íslendingum ýmislegt, til dæmis að þetta þök í bjálkahúsum, veiða fisk upp um ís og ýmislegt sem kom þeim að góðum notum á þessum nýja stað og auðveldaði þeim dvölinu fyrstu árin (Guttormur J. Guttormsson, 1975, bls. 75 - 83).

Þegar Íslendingar komu til sinna nýju heimkynna við Winnipegvatn komu þeir oftast með tvær hendur tómar og byrjuðu nýtt líf.

Þegar ég skrifaði textann notaði ég orðin skrælingjar og rauðskinnar en ekki í neikvæðri merkingu heldur til að minna á að þetta gerðu íslensku skáldin ytra á þeim tíma. Skáldskap Íslendinga í Kanada er víða að finna með niðrandi orðum um frumbyggjana sem voru þar fyrir. Í grein í Morgunblaðinu frá árinu 2007 er að finna samantekt um það sem höfundur hennar kallar skeytingaleysi fremur en niðrandi tal um indíánanna. Tekur hann fram að þessu hafi ekkert verið flíkað fyrr og tekur mörg dæmi máli sínu til stuðnings (Eysteinn Þorvaldsson, 2007).

Tvær hendur tómar

Lag og texti: Halli Reynis

Jörðin mín liggur á landi indíánanna.
Lífsskoðanir Ramsey mér koma ekki við.
Landnemans bölvun er reiði rauðskinnanna,
rætur skrælingjanna, hann segir að liggi hér.

Við erum komin í kapphlaup um landið,
kotbændur frá Íslandi með hörkunnar blóð.
Tvær hendur tómar, engin slóð.

Við komum til að vera, erum ekki að fara,
að Íslands strönd til baka er langur vegur heim.
Landnemans örlögum ætlum að svara,
aðeins njóta þeirra kjara sem réttur okkar er

Við erum komin í kapphlaup um landið,
kotbændur frá Íslandi með hörkunnar blóð.
Tvær hendur tómar, engin slóð.

8.3.5 Fimmti þáttur

Lokalagið er lagið Sólstafir yrkja. Hér er verkinu lokað með því að Hólmfríður og Jón, aðalpersónurnar hittast. Hólmfríður situr við legstein og segist vera komin til að deyja, hún sé orðin þreytt og bætir við að það sé komið kvöld í hennar lífi. Jón spyr Hólmfríði út í líf hennar og hún segist vera sátt með líf sitt. Það eina sem hún saknar er að hún hefði viljað sjá fólkið sitt aftur, fólkið sem hún kvaddi á Íslandi sem ung kona. Atriðið endar á því að Jón flytur til hennar litla fallega ræðu þar sem hann lýsir Hólmfríði sem hetju. Á meðan leggst Hólmfríður niður og sofnar svefninum langa. Að endingu syngur Jón til hennar lagið Sólstafir yrkja.

Sólstafir yrkja

Lag og texti: Halli Reynis

Sólstafir yrkja allt hennar þor,
ófarinn vegur, markaði spor.
Ljósíð á kvöldin, eldurinn er,
ómáðar myndir í huga mér.

Sólstafir yrkja sál hennar enn,
sögurnar geyma staðir og menn.
Ilmur af vori, á auðninni slóð,
Örlítill söngur, rímur og ljóð.

Vertu hér hjá mér og vökum í nótt.
Vorið er komið, myrkrið er hljótt.
Þú áttir drauma, hin ókleifu fjöll,
að eilífu saman, verðum hér öll.

9 Að læra í gegnum sköpun

Sköpun er mikils virði og hana ber að efla segir Robinson sem telur að skólarnir séu að mennta nemendur í burtu frá sköpuninni. (Robinson, 2010). Að skólar séu að drepa sköpunargáfu nemenda, með því að aðaláherslan sé á bóknám. Eiga þessi orð Robinsons við rök að styðjast? Að sköpun sé mikils virði rímar vel við áherslur grunnþátta nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla, en einn af sex grunnþáttum menntunar er sköpun. Kalla þessi orð Robinsons ef til vill á breytta kennsluhætti í grunnskólum? Skólinn er og verður alltaf samfélag ólíkra einstaklinga. Til að mæta öllum á jafnréttisgrundvelli er það skylda allra skóla að bjóða upp á fjölbreytileika í kennslu með fjölbreyttum kennsluaðferðum. „Við gerð kennsluáætlanana er mikilvægt að taka tillit til þarfa mismunandi einstaklinga, að hvaða markmiðum þeir stefna og hverjar eru aðstæður til að ná settum markmiðum“ (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir, Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 113).

Leikverkið Söngur vesturfarans er ætlað sem innlegg í skólastarfið með áherslu á að læra í gegnum listir þar sem sköpun er rauði þráðurinn. Verkinu er ætlað að tengjast grunnþáttum í Aðalnámskrá grunnskóla og þá sérstaklega sköpunarþættinum en þar segir að sköpun sé að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Nemendur læra í gegnum bækur og tölvur að stórum hluta, en leiklist hefur einnig verið notuð sem kennslutæki, en það mætti ef til vill nota kennsluaðferðir leiklistar meira, því þar liggja mörg tækifæri. Einn af þeim þáttum sem kennsluaðferðir leiklistar, ásamt öðrum aðferðum listgreina, kenna er að það eru til fleiri en eitt svar við spurningum og fleiri möguleikar á lausnum og mismunandi svör eru af hinu góða (Eisner, 2002). Með því að læra í gegnum listir meðtekur hver og einn nemandi eftir sínum leiðum það hvernig hann skynjar verkið. Þannig upplifir hann á sinn hátt innihaldið og því er kannski erfitt að meta fyrr en seinna á lífsleiðinni hvort nemandinn hafi lært af þessari leiksýningu eður ei. „List heimtar spennu, díalektískar mótsagnir. Það sem reynsla af veruleikanum hefur fram að færa krefst síns mótvægis í einhverju „tilbúnu“, sem tekur vísitandi að móta verkið eftir settum reglum“ (Fischer, 1973). Það sama má segja með leiklist þegar nemandinn leikur sjálfur eða tekur þátt í uppsetningu leikverka. Í bókinni Leiklist í kennslu er fjallað um hve leiklist geti verið áhrifaríkt tæki fyrir nemendur til að kenna öðrum og læra um leið. Þannig væri þá um tvöfalt kennslutæki að ræða (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004, bls. 48). Tónlistarsöguleikhúsið Söngur vesturfarans getur verið slíkt kennslutæki

þar sem nemendur hafa möguleika á að setja verkið upp fyrir aðra nemendur sem þeir bjóða á sýninguna, þannig að báðir aðilar læra um sögu vesturfaranna, sem sagt tvöfalt kennslutæki.

Unglingar hafa, mikla þörf fyrir að nota tjáningarformið, hvort heldur sem þátttakendur eða áhorfendur. Það veitir þeim gleði og frelsi á annan hátt en bóklegar greinar. „Persónuleg ánægja ætti að vera stærsti þátturinn í því að vilja taka þátt í söngleik“ (Robinson & Poole, 1990).

Einn mikilvægur þáttur í því að bjóða nemendum að taka þátt í leikritum eða söngleikjum er að bjóða þeim að sjá leikrit. Samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla við lok tíunda bekkjar eiga nemendur að geta; „Rökrætt leikið efni á sviði og í myndmiðlum á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það að nokkru leyti í menningarlegt og sögulegt samhengi.“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

10 Söngur vesturfarans

10.1 Uppsetning á verkinu

Leikverkið er hugsað á þann hátt að hægt sé að setja það upp nánast hvar sem er án mikillar fyrirhafnar. Einfaldir leikmunir og ljós skapa stemninguna og auðvelt er að koma því fyrir þar sem rými er til staðar. Það fer eftir staðnum hvort hljóðkerfi er til staðar fyrir tónlistina. Kjöraðstæður eru þær að þurfa ekki að notast við hljóðkerfi og þess vegna er sýningin hugsuð fyrir fáa áhorfendur bæði til að fá nánd og einnig til þess að losna við hljóðkerfi. Engu að síður er sýningin góð og gild á stærri sviðum þar sem hljóðkerfi er til staðar.

Grunnskólum mun standa til boða að kaupa sýningar af Söng vesturfarans og er sýningin hugsuð sem námsefni fyrir unglíngastig. Mikilvægt er fyrir þá skóla sem kaupa sýninguna að fara með nemendum í gegnum sögu vesturfara og vesturferða áður með kynningu í tímum. Þá kennslu sjá kennarar sjálfir um hver á sinn hátt. Ég lít á þann undirbúning sem mikilvægan grunn fyrir sýninguna. Í kjölfar sýninga hafa svo kennarar möguleika á að vinna efnið áfram með nemendum við gerð ýmissa verkefna. Hugmyndaflugið eitt ræður þar för. Skólum mun standa til boða að kaupa tónlistina á geisladiski og fá textana með og þannig nota sönginn til þess að kafa dýpra í efnið og nýta það í kennslu.

10.2 Frumsýning

Fruitsýning á leikverkinu Söngur vesturfarans fór fram í Gerðubergi 12.mars 2015. Gestir voru um það bil hundrað, sem skiptust nokkuð til helminga, grunnskólanemendur og aðrir gestir. Sýningartími var rétt undir fjórtíu mínútum. Allar aðstæður til sýningar á verkinu voru nokkuð góðar þrátt fyrir að salurinn væri ekki sérstaklega hannaður sem leikhús þá var gott að setja verkið upp á þessum stað. Ég valdi þennan stað meðal annars vegna þess að hljómburður er góður og stærð salarins hæfileg. Ljósakostur er einnig ágætur í salnum. Leikendur voru þrír og ljósamaður sá um ljósín.

Þegar gestir voru að koma sér fyrir í salnum voru spilaðar rímur af Silfurplötum lðunnar. Þar er að finna gamlar upptökur af vaxhólkum sem settar hafa verið á geisladiska. Þetta gerði ég til að skapa rétt andrúmsloft fyrir sýninguna. Leikmunir í sýningunni voru einfaldir og aldrei þurfti að færa leikmuni inn eða út af sviðinu. Auk leikmuna var gítar og lítill magnari fyrir

tónlistarflutning. Hluti búninganna var fenginn að láni hjá leikfélagi og hluta áttu leikendur sjálfir.

Frumskýning gekk vel, en verkið hafði verið æft þó nokkuð sem skilaði sér inn á leiksviðið. Leikmynd var lítil og snotur og lítið fór fyrir henni, en það er mikilvægt fyrir verkið, þar sem þessi sýning er skólasýning og hugsuð til að setja upp á ólíkum stöðum. Hugmyndin með ljósavinnu í verkinu var að draga niður ljósin og lýsa síðan aftur upp. Þetta hafði áhrif á verkið, skapaði nánd og gaf verkinu áhrifaríkan blæ. Þannig var þessi sýning hugsuð en verði þessi sýning sett upp í skólum í framtíðinni verður að taka mið af aðstæðum og tækjakosti, ekki er alltaf ljósabúnaður fyrir hendi.

Saga af bók

Rétt fyrir frumsýningu kom í ljós að gleymst hafði að taka með bók sem átti að nota sem leikmun í sýningunni. Íslendingur á skipi til Kanada er að lesa hana. Lítil tími var til stefnu og kom sér vel að bókasafn er í Gerðubergi svo ég fór þangað til að fá lánaða bók og það afgreiðslukonu þar um bók sem væri gamaldags og mætti vel vera slitin og illa farin. Eftir stutta stund kom konan með bók sem ég taldi henta vel. Að því búnu fórum við að æfa atriðið þar sem bókin var notuð. Eftir nokkra stund spyr leikarinn sem notaði bókina mig að því hvort ég hafi kannað hvað bókin heiti. Ég sagðist ekki hafa gert það, aðeins tekið við henni því hún hafði rétta útlitið. Hún heitir Dularfulli Kanadamaðurinn sagði hann.

11 Viðbrögð nemenda við frumsýningu


11.1 Spurningar

Til að kanna viðbrögð nemenda eftir frumsýningu og athuga hvort eitthvað vanti í sýninguna eða mætti betur fara ákvað ég að útbúa könnun sem sett var fram á rafrænu formi. Ég útbjóst átta spurningar sem tengdust sýningunni og það nemendur um að svara þeim nafnlaust. Aðferðin var megindleg og spurningarnar níu í heildina. Bæði voru notaðar lokaðar og opnar spurningar. Lokuðu spurningarnar voru metnar á þriggja til fimm þrepa Likert kvarða. Könnunin var höfð nafnlaus á þeim forsendum að hér var ekki ætlunin að rekja svörin til einstaklinga í þeim tilgangi að vinna meira með þau.

Spurningar voru samdar með það í huga að nemendur ættu auðvelt með að skilja þær. Spurt var um þau atriði sem ég vildi kanna og fá upplýsingar um viðhorf nemenda til leiklistar og tónlistar í skólastarfi, þekkingu þeirra á efni leikverksins og hvort leikverkið hafi kennt þeim eitthvað um vesturfara og vesturferðir. Þessar spurningar lagði ég fyrir kennara þeirra til að tryggja það að ég væri að með skýran texta sem nemendur gætu leyst án hjálpar. Kennarar þeirra sáu um framkvæmdina og ég fékk svörin samdægurs. Spurningarnar er að finna í fylgiskjali 1. Hér er um að ræða litla könnun einungis hjá þeim sem sáu leiksýninguna. Hér er kjörið tækifæri til að rannsaka nánar áhrif leiklistar sem kennsluaðferð til að fá afgerandi og marktækar niðurstöður.

11.2 Svör

Ég hafði áhuga á að kanna hvort nemendur vissu yfirleitt eitthvað um vesturferðir. Flestir eða rúmlega 60% vissu ekkert um vesturferðir og það staðfestir þann grun sem ég hafði að hér væri tækifæri fyrir verkefnið mitt til að kynna þessa sögu íslensku þjóðarinnar núna hundrað árum eftir að ferðirnar lögðust niður. Þeir sem þekktu efnið sögðust flest hafa lært um það heima.



Mynd 1


Tæplega 70% nemenda vilja hafa meiri leiklist og tónlist en nú er í skólanum. Ég get ekki skilið þetta svar á annan hátt en að þessar greinar eru vinsælar hjá nemendum. Það fer sennilega eftir skólum hversu hátt þær eru skrifaðar, hvað leiklistarlífið í skólanum er öflugt og áberandi og tónlistin einnig, þær niðurstöður speglast í svörum nemenda.



Mynd 2

Yfir 70% nemenda töldu leikverkið Söngur vesturfarans hafa kennt sér eitthvað um vesturferðir. Það er ánægjuleg útkoma. Sextán prósent töldu leikverkið ekki hafa kennt þeim neitt en við þennan möguleika voru þrjár athugasemdir á þann veg að nemendur vissu þetta áður og því höfðu þeir

svarað neitandi. Yfirgnæfandi meirihluti taldi að verkið hefði kennt sér um vesturferðir, það er jákvætt og virkar sem er hvatning til að vinna áfram með leikverkið.



Mynd 3

Rúmlega 90% nemenda telur að hægt sé að nota leiklist og tónlist sem kennslutæki, að hægt sé að kenna nemendum með því að beita þessum listgreinum. Þessi afgerandi skoðun þeirra segir mér að nemendur vilja fjölbreytileika í kennsluáferðum.



Mynd 4

Ég setti einnig fram opna spurningu í lok könnunarinnar sem var:
Getur þú sagt með fáum orðum hvernig þú upplifðir sýninguna?
Hér eru nokkur svör.

„Mér fannst sýningin fræðandi og skemmtileg“

„Fræðandi“

„Mér fannst þetta skemmtilegt“

„Mér fannst þetta vel gert“

„Mér fannst þetta vel leikið og lærði mikið um vesturfara“

„Hefðir mátt nota fleiri hljóðfæri“

„Mér fannst hún allt í lagi. Hún var vel gerð og tónlistin var flott en mér fannst ekkert vera neitt spes söguþráður“

12 Rýnt í svör nemenda

Með því að rýna í þessar niðurstöður tel ég mjög jákvæð viðhorf ríkja til leiklistar í skólanum. Það má eflaust spyrja hvort samskonar niðurstöður fengist ef nemendur væru beðnir að lýsa áhuga sínum á að hafa leiklist í skólanum undir öðrum kringumstæðum það er að segja ekki beint á eftir sýningu heldur á venjulegum degi. Ég er þó bjartsýnn á að heimfæra megi niðurstöðurnar í þessari litlu könnun á markþýðið og segja að jákvætt viðhorf sé til leiklistar almennt. Ég sé þarna möguleika fyrir rannsókn í anda rannsóknar Ásu Helgu Ragnarsdóttir og Rannveigar Bjarkar Þorkelsdóttir sem gerðu í fyrsta sinn á Íslandi rannsókn á þessu efni.

Nemendur svara mjög skýrt því að hægt sé að nota leiklist og tónlist sem kennsluaðferð. Þessi svör kýs ég einnig að túlka á þá leið að hér séu nemendur einnig að segja að fjölbreytileikinn sem það sem þau vilja.

Niðurstöður þessarar einföldu könnunar eru mér hvatning til að halda áfram með sýningar og svörin segja mér að hér sé verkefni sem skilar nemendum árangri. Með innlögn kennara um efnið áður en sýning hefst tel ég það mun sterkara og sérstaklega ef því er síðan fylgt eftir með verkefnavinnu.

13 Verkefni fyrir nemendur eftir að hafa séð leikverkið Söngur vesturfarans

13.1 Kennsluleiðbeiningar.

Hér eru sex hugmyndir af verkefnum sem eru hugsuð fyrir hópavinnu í kjölfar sýningarinnar Söngur vesturfarans.

13.2 Verkefnalýsing og framkvæmd

Kennari skiptir bekknum í hópa. Hver hópur fær eitt spjald með verkefnalýsingum en engir tveir hópar hafa sama verkefnið. Verkefnin eru: Torfbær árið 1873, Agentinn (Umboðsmaðurinn), Náttúruhamfarir og tíðarfar á 19. öld, Dægradvöl, Matur klæðnaður og stéttarskipting og Vistarbönd og vinnufólk. Nemendur lesa verkefnalýsingar. Kennari ræður hvaða tímamörk hann setur. Getur verið gott að taka mið af því hvernig gengur í fyrsta tíma og hvað kennari vill leggja mikla vinnu í verkefnið.

Hver hópur hefur frjálst val um það hvernig hann framkvæmir og sýnir verkefnið í lokin. Verkefnið gengur út á það að leita að upplýsingum um efni verkefnisins, kynna sér það og búa til afurð (veggspjald, glærusýningu, leikrit, lag og texta eða blanda saman nokkrum þáttum) sem þau gera svo grein fyrir á þeim tíma sem kennarinn ákveður. Í lokin er tími fyrir nokkrar spurningar frá samnemendum. Mikilvægt er að allir séu með. Ef hópur ákveður að sýna leikþátt þá á hann einnig að segja hvað hann er að gera, af hverju og hver sé hugmyndin á bak við verkið. Einnig eiga nemendur að skila kennara stuttri greinagerð. Heimildaskrá verður að fylgja með. Það er sama hvernig nemendur velja að útfæra verkefnið, þeir eiga að gera grein fyrir því sem þeir gerðu og af hverju. Hér reynir á sköpunarkraftinn, samvinnu og gefa nemendum lausann tauminn með að setja fram á sinn hátt hvernig þeir vilja túlka sitt verkefni.

Torfbær árið 1873

Sögusviðið er torfbær árið 1873.

Þið eruð fólk sem býr í torfbænum.

Það sem þið eigið að gera

- a. Segja frá lífinu á þessum árum.
- b. Búa til sögu um fólk í einn dag
- c. Þið eruð að velta því fyrir ykkur að fara til Kanada. Hverjir eru kostirnir og hverjir eru gallarnir?

d. Blandið saman möguleikum ef þið viljið eða bætið við ykkar hugmyndum.

Leitið að upplýsingum um efnið. Búið til verkefni sem getur verið glærusýning, leikrit, lag og texti sem þið flytjið, stuttmynd eða annað sem þið ákveðið í samráði við kennara.

Agentinn (Umboðsmaðurinn)

Söguviðið er fundur þar sem umboðsmenn eru að selja Íslendingum ferðir til Kanada.

Þið eruð fólk á fundinum.

Það sem þið eigið að gera

- a. Segja frá þessum umdeildu mönnum sem seldu ferðir.
- b. Búa til sögu um fund þar sem hægt væri að styðjast við heimildir af slíkum fundum.
- c. Gera úttekt á því hvernig fólk var flutt til Skotlands og þaðan til Kanada. Vistarverur og aðbúnað farþega. Gerið samanburð á þeim aðbúnaði við daginn í dag.

d. Blandið saman möguleikum ef þið viljið eða bætið við ykkar hugmyndum.

Leitið að upplýsingum um efnið. Búið til verkefni sem getur verið glærusýning, leikrit, lag og texti sem þið flytjið, stuttmynd eða annað sem þið ákveðið í samráði við kennara.

Náttúruhamfarir og tíðarfar á 19. öld

Söguviðið er 19. öld.

Þið eruð fólk frá þeim tíma.

Það sem þið eigið að gera

- a. Takið saman upplýsingar um tíðarfar og náttúruhamfarir á þessum tíma.
- b. Búa til sögu sem tengist efninu.
- c. Skráið hvaða áhrif þetta hafði á lífið í landinu.
- d. Blandið saman möguleikum ef þið viljið eða bætið við ykkar hugmyndum.

Leitið að upplýsingum um efnið. Búið til verkefni sem getur verið glærusýning, leikrit, lag og texti sem þið flytjið, stuttmynd eða annað sem þið ákveðið í samráði við kennara.

Dægradvöl

Sögusviðið er vesturferðatímabilið.

Þið eruð fólk frá þeim tíma.

Það sem þið eigið að gera

- a. Segja frá því sem fólkið gerði sér til gamans á þessum árum. Söngur, kveðskapur, leikir eða hvað sem þið finnið í ykkar leit.
- b. Framkvæmið eitthvað af þessu og sýnið.
- c. Hver er munurinn á dægrastyttingu fólks á þessum árum og í dag?
- d. Blandið saman möguleikum ef þið viljið eða bætið við ykkar hugmyndum.

Leitið að upplýsingum um efnið. Búið til verkefni sem getur verið glærusýning, leikrit, lag og texti sem þið flytjið, stuttmynd eða annað sem þið ákveðið í samráði við kennara.

Matur, klæðnaður og stéttaskipting

Sögusviðið er vesturferðatímabilið.

Þið eruð fólk frá þeim tíma.

Það sem þið eigið að gera

- a. Segja frá því sem fólkið borðaði á þessum tíma og hvernig klæðnaður manna var?
- b. Var stéttarskipting í landinu? Hvernig? Nefnið nokkrar stéttir.
- c. Hver er munurinn á mat, klæðnaði og stéttarskiptingu þá og nú?
- d. Blandið saman möguleikum ef þið viljið eða bætið við ykkar hugmyndum.

Leitið að upplýsingum um efnið. Búið til verkefni sem getur verið glærusýning, leikrit, lag og texti sem þið flytjið, stuttmynd eða annað sem þið ákveðið í samráði við kennara.

Vistarbönd og vinnufólk

Söguviðið er vesturferðatímabilið.

Þið eruð fólk frá þeim tíma.

Það sem þið eigið að gera

- a. útskýrið hvað vistarbönd voru, á hvern þetta hafði áhrif og hvaða áhrif þið teljið að það hafi haft á ákvörðun fólks að flytja frá Íslandi.
- b. Búið til sögu um fólk sem vistarböndin höfðu áhrif á.
- c. Gerið grein fyrir vinnufólki, stöðu þeirra og kjörum.
- d. Blandið saman möguleikum ef þið viljið eða bætið við ykkar hugmyndum.

Leitið að upplýsingum um efnið. Búið til verkefni sem getur verið glærusýning, leikrit, lag og texti sem þið flytjið, stuttmynd eða annað sem þið ákveðið í samráði við kennara.

14 Er kennaranám í takti við nýjar áherslur Aðalnámskrá grunnskóla?

Fylgir kennaranám nýjum áherslum Aðalnámskrár grunnskóla? Spurningin er sett fram í ljósi áherslna nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla sem setur fram sex grunnþætti sem kjarna skólastarfsins, en grunnþættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í Aðalnámskrá segir að grunnþættirnir snúist um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, læri að bjarga sér í samfélaginu og læri að vinna með öðrum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Menntastefnur hafa mótast í gegnum margar aldir hér á landi sem annarsstaðar. Enn í dag er vitnað í kenningar langt aftur í tímann sem settar hafa verið fram af fræðimönnum og ekki ósjaldan sem vitnað er aftur til grísku heimsspekinganna. Grunnurinn hlýtur að vera sá að best sé að haga skólaskipulagi og kennsluháttum þannig að það sé barninu fyrir bestu. Ken Robinson styður þá kenningu og vitnar í heimsspekingana Rousseau, Frobel, Montessori og Dewey sem byggðu sínar kenningar á því að börn ættu að fá að fylgja náttúrulegri þróun í þroska frekar en að fylgja stöðluðu kennslufyrirkomulagi (Robinson K. , 2001).

Í bókinni List- og menningarfræðsla á Íslandi sem fjallar um rannsókn sem gerð var hér á landi 2008 -2009 um gæði og umfang list og menningarfræðslu segir: „Markmið almenns kennaranáms eru óljós hvað varðar listir. Hagnýt atriði varðandi listfræðslu eru ráðandi í kennaranáminu og kennaranemar fá litla innsýn í fræðin eða aðferðir í list- og menningarfræðslu“ (Bamford, 2011, bls. 142). Á heimasíðu Háskóla Íslands segir um námið „Meginmarkmið námsins er að undirbúa nema fyrir kennslu í grunnskóla, umsjón með nemendahópi og samstarf kennara svo sem teymiskennslu þar sem viðkomandi getur tekið að sér leiðtogahlutverk. Enn fremur að undirbúa nema undir að gera sjálfstæðar rannsóknir á sinni eigin kennslu og að nýta sér rannsóknir annarra til þróunar skólastarfs. Námið er í nánnum tengslum við vettvang og vettvangsnám og er samþætt fræðilegum undirbúningi“ (Háskóli Íslands, 2015). Ekki er minnst á listgreinar.

Velta má fyrir sér hvort Háskóli Íslands ætti ekki að hvetja meistaraneina til þess að semja meistaraverkefni á sem fjölbreyttastan hátt. Hvetja listgreinanema til þess að vinna með sína sérþekkingu og sýna þá sérþekkingu á verklegan hátt, en ekki bara í orði. Í Aðalnámskrá er bent á mikilvægi þess að iðka listina en ekki einungis læra í gegnum upplýsingar, þar að auki er lögð áhersla á möguleika á samþættingarverkefnum þar sem unnið er með aðferðum list- og verkgreina (Mennta- og

menningarmálaráðuneytið, 2013). Þessi orð gilda fyrir grunnskólann, en til þess að kennarar kunni og séu tilbúnir til þess að vinna á skapandi hátt í skólastarfi þurfa þeir að hafa þekkingu á list- og verkgreinum úr kennaranámi sínu. Það hlýtur að vera mikilvægt að hver og einn kennaranemi fái innsýn inn í kennsluaðferðir list- og verkgreina þannig að þeir geti nýtt þá þekkingu í kennslu sinni. Kenning Deweys er samhljóma heilræðum Aðalnámskrár, en kenning Deweys byggir á reynsluheimi nemandans, að nemandi eigi að læra í gegnum verk sín. Hann bætir við að skólafræðsla leiði til menntunar bæði fyrir nemandann og samfélagið og hún verði að byggjast á reynslu sem er ávallt raunveruleg lífsreynsla (Dewey, 2000).

„Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi barna á síðustu áratugum sem kalla á breytingar í skólakerfinu. Báðir foreldrar vinna í auknum mæli utan heimilis, fjölskyldumynstur er orðið flóknara, oft eru fjölskyldur margsamsettar. Uppeldishlutverk skóla hefur fengið aukið vægi“ (Ása Helga Ragnarsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir, 2010, bls. 12). Það eru margir á þeirri skoðun að leiklist sé holl og góð fyrir nemandann og þeir sem starfa með nemendum í leiklist þekkja jákvæðan árangur þess sem þessi listgrein hefur í för með sér í skólastarfi og þá ólíku þætti sem leiklistin snertir í lífi nemenda. Það sama á við með tónlistina og þegar þessar tvær listgreinar koma saman er gaman.

15 Lokaorð

Meginmarkmið þessarar ritgerðar var að rýna í leikverkið Söngur vesturfarans og skoða í því ljósi möguleika til að nota leiklist og tónlist sem kennsluáferðir þegar kemur að kennslu bóklegra greina, í þessu tilviki að fræða nemendur á unglingastigi um tímabil vesturferða.

Með því að halda menningarlegum gildum á lífi í skólasamfélaginu er verið að viðhalda menningu þjóðar. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að „Skólar eru í raun einu stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum uppvaxandi kynslóðum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði, þjálfaga gagnrýna og skapandi hugsun og mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Þessu verkefni verða skólar að sinna og leggja metnað í það verk. Að skapa er að læra og það þarf að kenna sköpun. Ég hef í þess vegna sett fram spurningar hvort nýtt kennaranám sé sniðið að nýjum áherslum nýrrar Aðalnámskrár en þar er sköpun einn af grunnþáttum. Þeirri spurningu var ekki svarað hér en það væri gott verkefni eitt og sér til að vinna með.

Listaverk er ekki það dýrmætasta í vinnu með listir heldur verkferlið og rannsóknirnar sem gerðar eru í sköpunarferlinu. Listrænar sýningar geta til dæmis verið hvatning sköpunar hjá nemendum. Það er einnig mikilvægt að læra að vinna saman í hóp. Þannig fá nemendur reynslu með því að upplifa sínar sterku hliðar og sameiginlegan sigur. (Anna Flosadóttir, 2012).

Verkferlið við að skrifa handritið að leikverkinu Söngur vesturfarans var langt og átti sinn aðdraganda. Markmiðið var að segja og syngja sögur, túlka tíðaranda vesturfaratímabilsins og fræða um leið. Heimildir frá þessum tíma liggja víða og ekki síst í munnlegri geymd hjá þjóðinni. Eins og í allri listsköpun þá lærði ég mikið í þessari vinnu og það verður mín reynsla eins og hjá nemendum grunnskóla sem semja sín eigin leikverk. Menning og listir eru súrefni skólasamfélagsins jafnt og þekking. Þar eru kraftur, hugmyndir, listamenn og listunnendur. Listir sem kennslutæki gefa marga möguleika í kennslu fyrir kennarann og til náms fyrir nemandann. Eisner benti á möguleika listgreina til að fanga margvísleg sjónarhorn og bætti við að listir kenna nemendum að finna mögulegar lausnir vandamála (Donald, 2014).

Með því að skoða rannsóknir sem sýna mikilvægi þess að hafa listgreinar í skólum og þau áhrif sem leiklistin hefur á nemendur og skólasamfélagið mætti ætla að allir skólar ættu að leggja sig fram við að bjóða upp á slíka kennslu. Könnunin sem ég gerði í kjölfar frumsýningar á leikverkinu tala sama máli. Listgreinar almennt eru einnig þjóðhagslega hagkvæmar. „Sameinuðu þjóðirnar álíta að menning og skapandi greinar eigi þátt í 7% vergrar

landsframleiðslu í flestum þróuðum hagkerfum og að þessi geir vaxi um 10% árlega“ (Bamford, 2011, bls. 130).

Allt frá því að hugmynd kviknaði að semja söngleik um vesturferðir og að því að rýna í niðurstöður könnunar að lokinni frumsýningu hef ég fundið jákvætt viðhorf við því að koma fram með kennsluverkefni af þessu tagi hjá kennurum og þeim sem koma að menntamálum. Ég vil trúá því að í framtíðinni verði listgreinar álitnar mikilvægar greinar í grunnskólum og litið til þess ávinnings sem þær hafa í för með sér fyrir ungt fólk. Ég hef vitnað hér víða í rannsóknir því til stuðnings og sviðið er stórt, allt frá því að vera skemmtileg reynsla yfir í að hafa bein áhrif á þroska nemenda og jafnvel forvarnarlegt gildi.

Söngur vesturfarans er enn eitt leikritið í þessum heimi og þau eiga eftir að verða mörg sem koma í framtíðinni í skólasamfélaginu og vonandi mun leiklist og tónlist ásamt öðrum listgreinum fá að njóta sannmælis sem góðar og gildar námsgreinar sem þær vissulega eru.

Heimildaskrá

- Anna Flosadóttir. (2012). *Lífið er leiksvið. Viðhorf til söngleikja unglingsdeildar Hlíðaskóla og áhrif þeirra á sjálfsmynd og félagsþroska nemenda* (óútgefin meistararitgerð). Sótt af http://skemman.is/en/stream/get/1946/13836/33222/1/L%C3%ADfi%C3%B0_er_leiksvi%C3%B0_%2400282%240029.pdf
- Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2004). *Leiklist í kennslu – handbók fyrir kennara*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni* (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JPV útgáfa.
- Ása Helga Ragnarsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir. (2010, 31. desember). Skapandi nám í gegnum leiklist. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/006.pdf>
- Baldwin, P. (2009). *The Primary Drama Handbook*. London: David Fulton Publishers.
- Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir. (2011, 30. mars). Samþætting námsgreina hefur fleiri kosti en galla. Sagt frá þróunarverkefni í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/001.pdf>
- Bamford, A. (2011). *List – og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Bloomfield, A. (2000). *Teaching integrated arts in the primary school. Dance, Drama, Music and the Cvisual Arts*. New York: David Fulton Publishers.

- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Donald, B. (2014, 17. janúar). Stanford Professor Elliot Eisner, champion of arts education, dead at 80. Sótt af <http://news.stanford.edu/news/2014/january/elliott-eisner-obit-011714.html>
- Eisner, E. W. (2002). *The Arts And The Creation Of Mind*. New Haven: Yale University Press.
- Erikson, E. (1968). *Identity: Youth and crisis*. New York: W.W. Norton & company.
- Eysteinn Þorvaldsson. (2007, 31. mars). Íslenskir landnemar og frumbyggjar Ameríku. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1137709/>
- Fischer, E. (1973). *Um listþörfina*. Reykjavík: Mál og menning.
- Gerður G. Óskarsdóttir, Kristín Á. Ólafsdóttir, Brynjar Ólafsson, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns, Ragnheiður Júníusdóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. (2014). Verk og listgreinar. Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri). Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. Aldar (bls. 248). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gils Guðmundsson. (1956). *Öldin sem leið. Minnisverð tíðindi 1861 – 1900*. Reykjavík: Forlagið Iðunn.
- Guðjón Arngrímsson. (1997). *Nýja Ísland. Örlagasaga vesturfaranna í máli og myndum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Guðjón Arngrímsson. (1998). *Annað Ísland. Gullöld Vestur - Íslendinga í máli og myndum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Guttormur J. Guttormsson. (1975). Tveir þættir. 1, Indíaninn John Ramsey. 2, Minni landnámsins: Ræða flutt á landnáms hátíð að Hnausnum í Nýja-Íslandi 2. júlí 1951. *Andvari*, 100(1), 75—92.

- Hafþís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Reykjavík: Höfundur.
- Hafþór Guðjónsson. (2012, 31. desember). Kennaramenntun og skólastarf í ljósi ólíkra viðhorfa til náms. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/016.pdf>
- Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Magnús Porkell Bernharðsson. (2007). *Fjölmening á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Háskóli Íslands. (2015). Kennslufræði grunnskóla. Sótt af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=26344&version=current>
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2008). Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf: Viðtöl við skólastjóra og tónmenntakennara í íslenskum grunnskólum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 63—76.
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2013). Tónmenntakennsla í íslenskum grunnskólum. *Uppeldi og menntun*, 22(2), 37—54.
- Helgi Skúli Kjartansson. (1995). *Vesturfarar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hildigunnur Bjarnadóttir. (2012). "Þegar við vinnum saman er maður ekki einmana": Starfendarannsókn grunnskólakennara með áherslu á að auka samvinnunám í kennslu. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Ingibjörg Karlsdóttir. (2013). *ADHD og farsæl skólaganga*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1995). *Að mörgu er að hyggja. Handbók um undirbúning kennslu*. Reykjavík: Bóksala kennaranema.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluáðferðanna*. Reykjavík: Æskan.
- Jón J. Aðils. (e.d.). *Íslandssaga. Síðara hefti. Frá siðaskiptum til lýðveldis*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja H.F.

- Krog, A. (1999). *Sígild tónskáld- sögur með tónlist handa börnum* (Anna Ragnhildur Ingólfssdóttir þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Lilja M. Jónsdóttir. (1996). *Skapandi skólastarf*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Loftur Guttormsson. (2008). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880 - 2007*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Macdonald, A. (2003). *Námskenningar*. Sótt af <https://notendur.hi.is/allyson/namskenningar.doc>
- Marzano, R. M. (2003). *Classroom Management that Works: Research-Based Strategies for Every Teacher*. Alexandria, VA: ASCD.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*
2011: Greinasvið 2013. Reykjavík: Höfundur.
- Mills, J. (2005). *Music in school*. Oxford: University press.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. (2011). *Bragfræði fyrri unglingsstiga grunnskóla*. Kópavogi: Námsgagnastofnun.
- Robinson, C. og Poole, G. (1990). *Producing Musical Theater for High School*. Sótt af https://attachment.fbsbx.com/file_download.php?id=222536057920901&eid=ASvX39Dx6msA9aLpdmcEpx33vhdsd9Lrr9iLOqkpgauwvNxY_FS-gRQx1A-U4wi-Ues&inline=1&ext=1
- Robinson, K. (1989). *The arts in school: Principles, practice and provision*. London: Calousete Gulbenkian Foundation.
- Robinson, K. (2001). *Out of our minds, Learning to be creative*. Chiphester: Capstone.
- Robinson, K. (2010). Changing education paradigms. Sótt af http://www.ted.com/talks/ken_robinson_changing_education_paradigms

- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín Lilja Garðarsdóttir. (2004). Depurð ungs fólks og uppeldisaðferðir foreldra. Langtímarannsókn. *Sálfræðiritið*, 9, 151—166.
- Snowman, J., McCown, R. og Biehler, R. (2009). *Psychology Applied to Teaching*. Boston: Houghton Mifflin Company.
- Tomlinson, C. A. (2001). *How To Differentiate Instruction in Mixed – Ability Classrooms* (2. Útgáfa). Alexandria: ASCD.
- Vesturfarasetrið. (2014, 4. febrúar). *Vesturfarasetrið. Hverjir fóru*. Sótt af <http://www.hofsos.is/?c=webpage&id=71&lid=66&option=links>
- Viðar Hreinsson og Jón Karl Helgason. (1999 - 2000). *Aðdragandi vesturferða*. Sótt af: <http://servefir.ruv.is/vesturfarar/addragandi.html>
- Wormeli, R. (2003). *Day One and Beyond. Practical Matters for New Middle-Level Teachers*. Portland: Stenhouse Publishers.

Viðauki – Handrit

Söngur vesturfarans

Höfundur: Haraldur Reynisson

Sögutónleikar og leikhús

I. Páttur

Ísland á 19. öld

Það er rökkur í salnum. Kertaljós lýsa upp hluta af sviðinu. Eftir þögn heyrst hljóð í vondu veðri og við bætist rödd sem kveður rímur. Ofan í hljóðið af veðrinu heyrst rödd segja eftir að rímurnar eru búnar:

Það er ekki búandi á þessum útnára. Hér er ekkert nema harkan og erfiðið sem gerir hvað það getur til að murka lífið úr þeim sem hér þrauka og gera það óbærilegt. Þetta er staður fyrir seli og ísbirni. Hér krauma eldarnir undir fótum okkar en á yfirborðinu frýs allt í hel. Hafísinn, hinn forni fjandi leggst hér að landi til að undirstrika harðindin. Hver hefur ekki heyrt um móðuharðindin, fjárkláða, gróðurleysi, pestir, ótíð í öllum stærðum og gerðum til sjávar og sveita. Hér hrist hinn vinnandi maður í moldarhúsum við myrkur og vosbúð. Allir dagar snúast um lífsbjörgina, að eiga eitthvað að éta og klæða af sér kuldann. Hér býr fólk við ófrelsi. Í svip þess má lesa sögu þess sem er uppfull af sorg og hörku. En þrátt fyrir áföllin sem þessi þjóð hefur orðið fyrir er eins og allt gleymist á sólríkum sumardegi og þá er hvergi fallelgra en á Íslandi. Náttúran, loftið tæra, vatnið, litirnir, grasið og jafnvel fólkið líka. Það er eins og andlit fólksins breytist við það eitt að sjá sólina og taka þátt í sumrinu sem er jafnt vinalegt og fallett og veturinn getur verið fjandsamlegur og grimmur. En það hafa einnig komið sumur sem voru ekki hlý og falleg og þess erum við minnug hér á þessari eyju.

Íslendingurinn er stoltur af sínum uppruna og dugnaði. Hann heldur fast í sínar hefðir og menningu og veit hvers virði það er þrátt fyrir að veruleikinn sé bæði grár og kaldur og fortíðin lituð af sorg, basli og eilífri baráttu um brauðið. Framtíðin? Hún er öllum hulin.

Maður kemur inn á sviðið. Hann heitir Jón

Jón:

Ég heiti Jón. Ég er Íslendingur, fæddur í torfkofa upp á miðri heiði í stórhrið í byrjun desembermánaðar árið 1850. Ég var þriðja barn foreldra minna sem eignuðust 8 börn. Fimm systkini mín dóu á barnsaldri og hvílast í kirkjugarðinum á Hóli og voru ýmist grafin í sér gröfum eða fengu að liggja í kistum með öðrum. Í dag væri örugglega ekki hægt að finna leiði þeirra allra og sennilega ekki neins þeirra. Það var dapurt að fæðast í heiminn á Íslandi á þessum árum, eiga stutt og erfitt líf, vera grafinn í frosna jörð að lokinni ræðu prestsins í héraðinu sem angaði af brennivíni, ræðu sem fólst í því að lofa almáttugan Guð sem var sagður elska alla menn, fölskum kórsöng og gráti móður minnar og stunum guðhræddra sveitunga bugaða af þreytu við að halda sjálfvirðingunni sem fólst í því að eiga í sig og á og eiga svo þau örlög yfir höfði sér að tynast í garðinum í náinni framtíð. Er hægt að hugsa sér líf eins lítilsmetið og aumkunarvert?

Ég fékk þá gjöf að lifa lengi en fékk að kenna á því á eigin skinni hvað lífið getur verið miskunnarlaust við þá sem tilheyra þeirri stétt manna sem kallaður er sauðsvartur almúgi með fátæktina í eftirdragi og feigðarskuggann í sjónmáli alla daga. Ég kom til að segja ykkur sögu

sem brennur á mér. Þetta er saga mín og minna samtíðarmanna. Þetta er saga sem ég held að allir verða að þekkja. Þetta er saga mín en líka saga þín. Þetta er saga þín vegna þess að þú tilheyrir þessari þjóð og átt forfeður sem lifðu mína tíma.

Mín kynslóð lifði fornöld og tottaði vosbúðina dag og nætur eins og kálfur á spena. Ussss hugsa sér....

Ísland á 19. Öld

Lag og texti: Halli Reynis

Hungurvofan var hér tíður gestur,
vesöld, hafís, aflabrestur.
Barátta fyrir lífsins brauði,
barnadauði.

Eldgos, kuldi, öskuský,
aumar sálir fjötrum í.
Eignuðust margir andans gjafir.
Opnar grafir.

Réðu öllu ríki og kirkja.
Rótlaus skáldin kunnu að yrkja.
Menning sú úr beiskum brunni,
í baðstofunni.

Hjátruín var löngum loðin,
lífsins gildi fótum troðin.
Helvíti og himnaríki,
í hugarlíki.

Eins og bóndans fé á fjalli,
fátækir hlýddu hverju kalli.
Í von um einhvern ætan bita,
örlítinn hita.

Unnu flestir heimahögum,
hafðir undir dönskum lögum.
Kaupmannsfrúin þrúð og þen,
frú Petersen.

Lærðum við eitthvað af öllu saman,
sem upp er talið hér að framan?
Af því sem hafði okkur svikið?
Ekki mikið.

Farðu bara út, agentarnir sögðu,
til Ameríku, þar sem trauðla moldarkofi er.
Þau sem höfðu dvalið lengi í þjáningunni þögðu,
þóttust skynja drauma og von í sjálfum sér.

II. Þáttur

Agentinn

Sögusviðið er fundur með agent. Á sviðinu er kassi sem agentinn stendur upp á þegar hann talar. Konan situr á stól fyrir fram agentinn.

Agentinn:

Kæru fundarmenn. Það sem ég hef verið að segja er að ég er að bjóða ykkur að kaupa farseðil vestur til Kanada þar sem ykkar býður nýtt og betra líf. Hér á þessu kulda skeri norður í íshafi eru möguleikarnir litlir, mjög litlir og þið vitið það best af öllum. Af hverju eruð þið hér? Hvað var það sem rak ykkur hingað? Það er vegna þess að þið þráið nýtt líf, líf sem er frjálst, líf þar sem þið hafið möguleika á að njóta þess að vera til, að vera manneskjur. Þess vegna eruð þið hér og þess vegna er ég hér til að fræða ykkur um þá möguleika sem standa ykkur til boða. Það er nóg atvinna í Kanada, mikið landsvæði til búsetu

og möguleikarnir eru miklir til að láta draumana rætast. Fjölmargir samlandar ykkar hafa farið vestur um haf og eignast nýtt líf. Hvers vegna ekki þú?

Hólmfríður:

Ég? Á ég að fara? Ég kann ekkert annað er að vera kotkerling og hef aldrei farið út fyrir sveitina svo heitið getur. Uss, svei þér þú ert að græða á því að blekkja fólk sem er í fjötrum, selja falskar vonir með von um skjótan gróða. Hafa af fátæklingunum þann litla aur sem þau hafa nurlað saman sína aumu ævi svo þú fitnir eins og púkinn á fjósbitanum. Skamm

Agentinn:

Frú mín góð. Ég skil vel hug þinn til mín. Staðreyndin er sú að heimurinn er stór fyrir utan sveitina þína sem ég tel vera einhverja fallegustu sveit hér á landi og þó víðar væri leitað. Í þessum heimi er tækifæri um betra líf og ég er hér til að eggja þig og þá sem ég tel að vilji í hjarta sínu eitthvað betra.

Hugsaðu þér að þú og auðvitað þið öll svona glæsilegt fólk að labba eftir strætum borgana í Kanada með höfuðið hátt og geta sagt: „Ég lét drauminn rætast“ það er ekki slæmt.

Hólmfríður:

Já, jú þú segir það. Ég veit ekki hvort ég eigi fyrir fargjaldinu.

Agentinn:

Sveitirnar hafa nú oft verið sínu fólki innan handar sem svo er komið fyrir. Sérstaklega er þú ert á þeirra vegum. Það er það sem ég vildi segja

Agentinn talar

Lag og texti: Halli Reynis

Engum sel ég feigðarför,
fals úr gæfu brunni.
Aðeins bætt og betri kjör,
bugaðri alþýðunni.

Þrættu ei fyrir þrældóminn,
þrot á lífsins gjaldi.
Beygðar sálir, barlóminn,
beittu ofurvaldi.

Allra bíður ófrelsið.
innri bældur friður,
líf þitt fær að leika við,
leggðu vopnin niður.

Preytan magnast, þróttur dvín,
í þjáðum krepptum höndum.
Snjórinn þekur líkt og lín,
líf í klakaböndum.

Finndu önnur fiskimið.
Finndu skóg og engi.
Finndu lífið leika við,
ljúfa hjarta strengi.

Lævíst valdið leikur sér,
lúmskur dalafriður.
Kotbændanna krafa er
klofin í herðar niður.

Sá er lífið sigur gaf,
siglir voðum þöndum.
Bátnum út á ballarhaf,
burt frá Íslands ströndum.

III. Þáttur

Á skipinu

Hljóð af öldum heyrast í bakrunni. Konan situr með barn í fanginu.

Hólmfríður: (situr með barn í fanginu og raular lag)

Ósköp átt þú það gott heillin mín að geta sofð hér. Ég vona að þú eigir eftir að eiga gott líf í vesturheimi, eiga góða heilsu og verða hamingjusamur. Svona nú sofðu hér gullið mitt. (hún leggur barnið frá sér og sest við lítið borð og fer að skrifa bréf) Ég ætla að lesa nokkur orð sem ég var að skrifa í þessa skruddu og hver veit nema að þú lesir þetta þegar þú ert orðinn fullorðin.

Konan horfir niður á bréfið og eftir smá stund horfir hún á áhorfendur og segist langa til að segja þeim hvað hún sé að skrifa. Hún les bréfið.

Kæra dagbók,

Skipið lagði frá bryggju þann 21. september og nú eru liðnir þrír dagar. Allt gengur vel enn sem komið er. Ég er mest að hugsa um það hvort ég sjái landið mitt aftur. Ég vona það svo sannarlega en lítil rödd segir mér að svo verði ekki. Hvað með fólkið mitt? Koma þau til með að gleyma mér? Ég gleymi þeim ekki, aldrei. Ég er með hugann heima og finnst innst inni eins og ég sé að flýja, svíkjast undan skyldum mín en svo koma aðrar hugsanir sem segja mér að ég sé að stíga mín mestu gæfuskef. Mér finnst gott að hugsa heim. Í huganum stend ég á hlaðinu og horfi út fjörðinn. Þar sé ég fjöllin mín, fólkið mitt, dýrin mín, kirkjuna, sólina, sjóinn og himininn. Þar sé ég lífið og þá heyrir ég í lífinu

og finn lyktina af náttúrunni. Þegar ég horfi á þetta úr þessari fjarlægð er eins og allt sé hljótt, engar áhyggjur, ekkert erfiði, engin vandamál. Aðeins falleg mynd af fallettri sveit þar sem ætti að vera fallett líf.

Jón:

Komdu sæl.

Hólmfríður:

Sæll

Jón:

Við erum heppin, það er gott í sjóinn.

Hólmfríður:

Já það má nú segja.

Jón:

Ég hlakka til að komast til Kanada. Þar eru stórir skógar, há fjöll og víðáttumiklar lendur er mér sagt. Þar ætla ég að yrkja jörðina því ég ætla að verða bóndi. Þar höggva menn niður tré og byggja hús og höggva svo niður tré til að kynda upp húsinn. Það eina sem ég er kannski að hugsa mest um er tungumálið. Ég kann ekkert í því núna. Ég var að hugsa um það hvort við þurfum að læra þetta tungumál þeirra. Allavega þá finnst mér það vera það eina sem hræðir mig núna.

Hólmfríður:

Hvað ertu með í pokanum?

Jón:

Smávegis af fötum, en aðallega bækur, biblíuna og nokkrar vel valdar skruddur..

Hólmfríður:

Bækur?

Jón:

Já, ég ætla ekki að gleyma mínum uppruna. Tungumálinu, sögunum, ljóðunum og því sem gerir mig að Íslendingi. Þótt ég sé að fara svona langt frá mínum heimaslóðum þá ætla ég að halda áfram að vera Íslendingur. Það væri nú furðuleg lífreynsla ef Jón hætti að verða Íslendingur og færi að kalla sig John. Mér skilst að Jón sé John á engilsaxneskunni.

Hólmfríður:

Vissulega verðum við Íslendingar alla tíð. Þú verður Jón og ég Hólmfríður. Hér erum við á þessu skipi, búin að kveðja það líf sem við áttum í von um að fá eitthvað betra.

Saga konunnar í skipinu

Lag og texti: Halli Reynis

Við lögðum frá landi í sumar,
þá leit ég í hinsta sinn.
Fjöllin sem áður mér festust í huga,
fjörðinn og bæinn minn.
Tár varð að táraflóði,
trú mín var skjöldurinn.

Ég bað fyrir börnunum mínum,
sem brátt fengu að sjá.
Nýja heiminn, nýja landið,
nýjar stjörnur himnum á.
Og þeim sem garðinn gista,
gengin okkur frá.

Við siglum á svörtum öldum.
Til sólar við höldum.

Mér fannst eins og ég yrði,
ein um komandi tíð.
Þegar öldurnar á úthafinu,
ortu rætið níð.
Lífið lofaði mörgu
en lagði okkur þetta stríð.

Í kotinu áttum við engar vonir,

aum voru þessi kjör.
Með fátæktina í farteskinu,
við fundum engin svör.
Með bænir á bláum vörum,
var bátnum ýtt úr vör.

Við siglum á svörtum öldum.
Til sólar við höldum.

Alla tíð voru örlög dimm,
yfir vofði feigðin grimm.
Barátta við djöfuls dauðann,
sem dæmdi manninn snauðan.

Sultur allan sólarhringinn.
Sveitin hataði fátæklinginn.
Eynd og vosbúð alla daga,
var okkar saga.

Draumarnir okkur drógu í burtu,
draumar um betri hag.
Uppskera á akri vonar,
aðeins bjartan dag.
Óskýr mynd úr öðrum heimi,
einsog fallett lag.

Við siglum á svörtum öldum.
Til sólar við höldum.

IV. Þáttur

Sendibréfið

Sviðsmyndin er borð með kertaljósi. Konan situr og skrifar sendibréf.

Rödd heyrir segja það sem er í bréfinu.

Elsku mamma mín

Af okkur er það að segja að við höfum það jafnan gott. Ferðalagið var langt og strangt og tók verulega á okkur. Að lokum komum við svo hingað á stað sem kallaður er Nýja Ísland. Því miður voru ekki allir svo heppnir að komast á leiðarenda. Lífið gefur og lífið tekur, það er víst guðs vilji og eigum við honum að þakka okkar kjör. Hér er nýlenda okkar og allir gera sitt besta til þess að láta lífið verða bærilegt. Hér á okkur eftir að líða vel, ég finn það á mér. Hér eru mörg tækifæri fyrir þá sem hafa heilsu og vilja til þess að vinna. Við erum ennþá að aðlaga okkur að breyttum heimi og skilyrðum. Hér eru skógar og nægur efniviður til þess að byggja hús. Við lærum af hvoru öðru og eins fáum við hjálp frá indjáním og öðrum innfæddum hér á þessum slóðum. Hér getur veturinn verið mjög kaldur og við eigum eftir að venjast því. Blessuð börnin er svo náttúruleg að þau taka öllu svo vel og eru fljót að laga sig að breyttum aðstæðum og svo eru þau miklir gleðigjafar og guðs gjöf. Ég sakna ykkar sem eruð heima, vissulega. Ég vona að þið hafið góða heilsu og að sumarið hafi verið ykkur gott og að þið hafið nóg hey fyrir skepnurnar í vetur. Á hverju kvöldi bið ég fyrir ykkur og

ég vona að ég sjái ykkur seinna þegar tækifæri verða til þess að koma heim aftur. Skilaðu kveðju til allra sem ég þekki.

Þín elskulega dóttir

Hólfríður

Tvær hendur tómar

Lag og texti: Halli Reynis

Jörðin mín liggur á landi indjánanna.
Lífsskoðanir Ramsey mér koma ekki við.
Landnemans bölvun er reiði rauðskinnanna,
rætur skrælingjanna, hann segir að liggi hér.

Við erum komin í kapphlaup um landið,
kotbændur frá Íslandi með hörkunnar blóð.
Tvær hendur tómar, engin slóð.

Við komum til að vera, erum ekki að fara,
að Íslands strönd til baka er langur vegur heim.
Landnemans örlögum ætlum að svara,
aðeins njóta þeirra kjara sem réttur okkar er

Við erum komin í kapphlaup um landið,
kotbændur frá Íslandi með hörkunnar blóð.
Tvær hendur tómar, engin slóð.

V. Þáttur

Við gröfina

Engin sviðsmynd. Kona situr með kross og er að skoða hann og hreinsa hann með klút þegar Jón kemur til hennar.

Jón:

Komdu sæl Hólmfríður mín. Því situr þú hér með kross?

Hólmfríður:

Ég er orðin gömul Jón. Það er komið kvöld í mínu lífi. Hér mun ég hvílast um aldur og ævi. Hér er minn staður.

Jón:

Ertu sátt við ævina?

Hólmfríður:

Já ég er sátt. Ég fékk tækifæri til að flytja til Kanada og eignast nýtt líf. Það eina sem ég sé eftir er að hafa aldrei séð fólkið mitt og landið mitt aftur eftir að ég fór en svona voru nú mín örlög. Hér er ég kominn á lokareitinn. Brátt fer ég til funda við börnin mín sálugu og það verður gott að sameinast þeim á hlýjum stað.

Jón:

Það er gott að þú ert sátt. Það er fyrir öllu. Þú eignaðist börn og þau munu svo eignast börn og með þessu fólki lifir þú. Þau munu segja þína sögu. Það er saga hugrekkis Hólmfríður. Það er saga vesturfarans sem þorði að storka örlögunum. Láta drauma rætast. Þú skrifaðir sögu með för þinni. Það er saga hetjunnar Hólmfríður. Margir hafa horft á eftir þér fara og viljað vera í þínum sporum. Þá varstu ung, með ung börn.

Einstæð móðir eftir að hafa misst bónda þinn og þrjú börn. Það er saga Íslendingins Hólmfríður. Það þurfi kjark til að taka þá ákvörðun að fara og þú gerðir það með sóma. Gafst þér og þínum líf sem þið áttuð skilið. Það er saga þín Hólmfríður.

(Á meðan Jón segir þessi orð leggst Hólmfríður niður í rólegum hreyfingum og leggst eins og hún sé að leggjast í gröf. Setur krossinn niður við höfuðlagið. Þegar Jón hefur lokið máli sínu gerir hann krossmark og sest niður með gítar og syngur Sólstafir yrkja)

Sólstafir yrkja

Lag og texti: Halli Reynis

Sólstafir yrkja allt hennar þor,
ófarinn vegur, markaði spor.
Ljosið á kvöldin, eldurinn er,
ómáðar myndir í huga mér.

Sólstafir yrkja sál hennar enn,
sögurnar geyma staðir og menn.
Ilmur af vori, á auðninni slóð,
Örlítill söngur, rímur og ljóð.

Vertu hér hjá mér og vökum í nótt.
Vorið er komið, lífsgleðin sótt.
Þú áttir drauma, hin ókleifu fjöll,
að eilífu saman, verðum hér öll.